



Árásanna minnst í gær var þess minnst víða að fimmtán ár eru liðin frá því að árásir voru gerðar á Tvíburaturnana í New York og varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lilja fordæmir Norður-Kóreu

UTANRÍKISMÁL „Það er gjörsamlega ólíðandi að stjórnvöld séu í einhverju kjarnorkubrölti á meðan íbúar landsins liða skort.“ segir Lilja Alfredsdóttir utanríkisráðherra um kjarnorkuvopnatilraunir Norður-Kóreumanna.

Stjórnvöld í Suður-Kóreu hafa hótað að má Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, af yfirborði jarðar haldi tilraunirnar áfram. Bandaríkin íhuga einhliða þvingunaraðgerðir vegna málsins. Líklegt er að það setji svip sinn á Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem hefst eftir rúma viku. – **jóe / sjá síðu 8**



Kristín, Kristín, Kristín, Kristín og Kristín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjö Kristínar stofna nafnahóp

FÓLK Sjö ungar stúlkur sem allar heita Kristín hafa stofnað hóp til þess að halda utan um konur með það eiginnafr. „Við erum sjö núna til að byrja með en ætlum að bæta við þegar á liður og halda reglulega viðburði,“ segir Kristín Guðmundsdóttir. – **gj / sjá síðu 26**

Tvær fylkingar takast á í Framsóknarflokknum

Enn hitnar í kolum Framsóknarflokksins. Samband formanns og forsætisráðherra er slæmt. Konur fengu útreið í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins. Formaðurinn útilokar ekki breytingar en þeir sem hlutu efstu sætin séu í sterkri stöðu.

STJÓRNMÁL Landsþing Framsóknarflokksins verður haldið 1. október. Þetta var ákveðið á haustfundi flokksins um helgina. Þar tilkynnti Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra að vegna trúnaðarbrests við stjórn flokksins myndi hann ekki sitja áfram sem varaformaður í óbreyttri stjórn.

Tvær fylkingar virðast vera að myndast innan Framsóknarflokksins. Önnur vill breytingar á landsþingi en hin telur Sigmund Davíð þann eina sem geti leitt flokkinn í komandi kosningum. Segja heimildarmenn Fréttablaðsins líklegast að önnur fylkingin verði ósatt eftir landsþingið í október.

Ragnheiði Elínu Árnadóttur og Unni Brá Konráðsdóttur var hafnað í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi um helgina.

Að sama skapi var Elínu Hirst einnig hafnað. Fjórir karlar verma efstu sæti flokksins í Kraganum en þrír karlar eru í efstu sætunum í Suðurkjördæmi.

Kvinnahreyfing Sjálfstæðisflokksins er ósatt við stöðuna og formaður flokksins útilokar ekki að röðin á listunum breytist og að konur verði færðar ofar.

Samkvæmt heimildum fréttastofu mun kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Kraganum hittast síðdegis. Hluti nefndarinnar vill kanna þann m ö g u -

leika alvarlega að breyta röð efstu frambjóðenda til að tryggja konum sæti ofar á listanum. Þær hugmyndir munu mæta andstöðu. Hefur Vilhjálmur Bjarnason gefið það út að hann sé mótfallinn því að breyta röð frambjóðenda eftir á.

Ragnheiður Elín ákvað í gær að taka ekki því sæti sem hún fékk í prófkjöri helgarinnar.

„Ég hef tekið þátt í að skrifa söguna og verið í forystu í stjórnmálum á gríðarlega miklum umbrotatímum í sögu þjóðarinnar. Það hefur verið stórkostlegt að vinna við það að bæta samfélagið, sjá hugmyndir verða að veruleika,“ skrifadi Ragnheiður Elín á Facebook í gær eftir að úrslit prófkjörsins voru ljós. Hún sagðist ætla að kveðja stjórnmálin eftir kosningar.

– **sa / sjá síðu 4 og 6**



Sigurður Ingi og Sigmundur Davíð

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Tíðindin úr prófkjörum helgarinnar eru ótíðindi skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **11**

SPORT Ólafur Gústafsson er mættur aftur á völlinn. **12**

MENNING Olga Holownia fór að stunda ljóðabýðingar til þess að takast á við stríðni íslenskunnar. **18**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ

● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

Veður



Allhvöss eða hvöss norðan á morgun. Talsverð rigning norðan og austan til, en mikil rigning á Austfjörðum fram eftir morgni. **SJÁ SÍÐU 16**

Gera kröfu um lögreglustöð á Hvammstanga


LÖGGÆSLA „Viðbragðstími lögreglu þegar alvarleg atvik eiga sér stað er eins og dæmin hafa sannað með öllu óviðunandi og veldur því að hætta skapast og íbúar upplifa óöryggi,“ segir sveitarstjórn Húnaþings vestra sem kveður fámenni lögreglunnar á Norðurlandi vestra vera óviðunandi. Mikil óánægja er í Húnaþingi eftir að það tók lögreglu tvær klukkustundir að koma á Hvammstanga eftir að ökumaður fór í höfnina og drukknaði.

Þá ítrekar sveitarstjórnin kröfur sem settar hafi verið fram frá því að lögregluumdæmi voru sameinuð árið 2014 um að á Hvammstanga verði mönnum lögreglustöð. „Til að hægt verði að manna lögreglustöð á Hvammstanga þarf að fjölga í lögregluviði umdæmisins alls og gerir sveitarstjórn Húnaþings vestra kröfu um að svo verði gert hið allra fyrsta.“ – gar

Truflanir af Tour of Reykjavík



Hjólreiðakeppnin Tour of Reykjavík sem fram fór í gær gekk vel þótt nokkuð ergelsi hafi verið hjá vegfarendum er margar af helstu umferðaræðum borgarinnar voru lokaðar. Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Grey Line rútuþyrirtækisins, segir að notaðar hafa verið 25 rútur í stað 10 eins og vant er til að allir kæmst á áfangastað. Það hafi tekist á endanum þótt ekki hafi allir komist á áfangastaðinn á réttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Jón Margeir Sverrisson synti á Ólympíueikunum í gær. MYND/SVERRIR GÍSLASON

Jón Margeir fjórði í Ríó

ÍÞRÓTTIR Jón Margeir Sverrisson endaði í 4. sæti í 200 metra skriðsundi í flokki S14 á Ólympíumóti fatlaðra í Ríó í gærkvöldi. Þetta er sama grein og Jón Margeir vann til gullverðlauna í á Ólympíumóti fatlaðra í London fyrir fjórum árum. Þá synti hann á 1:59,62 mínútum og setti heimsmet.

Jón Margeir synti á 1:57,50 mínútum í gær og var 1,18 sekúndum á eftir sigurvegaranum,

Wai Lok Tang frá Hong Kong. Jón Margeir var 81 sekúndubroti frá því að komast á verðlaunapall, á öðru Ólympíumóti fatlaðra í röð. Thomas Hamer frá Bretlandi varð annar og Daniel Fox frá Ástralíu þriðji.

Jón Margeir tryggði sér sæti í úrslitum í morgun þegar hann synti á 2:00,01 mínútu í undanrásunum. Jón Margeir var með fimmta besta tímamann í undanrásunum. – íþs

Mynt frá 11. öld skilað sextíu árum eftir fund

Fréttaflutningur af fundi forns sverðs í síðustu viku varð til þess að fyrrverandi hafnarvörður skilaði mynt frá 11. öld til minjavarðar. Myntin fannst í Aðaldal skömmu eftir síðari heimsstyrjöldina. Peningurinn hefur tærst frá fundinum.

SAGA Mynt frá því er Ólafur kyrrri ræð ríkjum yfir Íslandi var skilað til minjavarðar Norðurlands í síðustu viku. Peningurinn fannst skömmu eftir heimsstyrjöldina síðari en ástæða þess að honum var skilað nú er fréttaflutningur af fornminjafundi liðinnar viku.

„Þetta er mynt sem hefur fylgt mér lengi. Ég held ég hafi fundið hana skömmu fyrir 1950,“ segir Hermann Jónsson, fyrrverandi hafnarvörður á Akureyri.

„Ég var bara patti, um sjö ára að ég held, að leika mér að bilum í moldinni heima þegar ég rakst á hann. Einhverra hluta vegna ákvað ég að taka hann upp. Síðan þá hef ég geymt myntina.“

Hermann ólst upp á Mýlaugsstöðum í Aðaldal en flutti til Akureyrar árið 1963. Peningurinn var með í för. Hann segist lengi hafa ætlað sér að fara með hann til minjavarðar en það hafi alltaf gleymst þar til nú.

„Ég fór með hann núna í síðustu viku eftir að það var sagt frá sverðinu sem fannst í Skaftárhreppi. Það var vítaminsprautan sem þurfti til,“ segir Hermann.

Peningurinn er tæpir fimmtán millimetrar í þvermál og úr silfri. Fyrri eigandi hans hefur sennilega notað hann sem hálsmen því á einum stað í jaðri hans hefur verið gert lítið gat. Þar má ímynda sér að snæri hafi verið dregið í gegn og myntin sett um háls einhvers.

„Peningurinn hefur örlítið látið á sjá síðan ég fann hann því ég man að fyrst þegar ég fann hann var gatið heilt. Hann hefur aðeins tærst upp en táknin á báðum hliðum sjást enn nokkur greinilega. Tím-

Sjaldgæft að gamlar myntir finnist á Íslandi

Myntin er frá bilinu 1065-1080 en hún fannst skömmu fyrir 1950 á Mýlaugsstöðum í Aðaldal.

Framhliðina prýðir andlitsmynd af konungi en á bakhliðinni er krossmark. Umræddur konungur er sennilega Ólafur kyrrri, sonur Haraldar harðráða.

Hlutverk krossmarksins var tvíþætt. Annars vegar trúarlegt en einnig til að auðvelda það að skipta peningnum upp í helminga eða fjórðunga.

Áletranir á myntum þessa tíma eru oftast út í hött þar sem myntsáttumenn voru sjaldnast læsir.

MYNTIN SEM FANNST

Gat var gert af fyrri eiganda og myntin notuð sem hálsmen.



MÝLAUGSSTAÐIR Í AÐALDAL

Viltu stofna fyrirtæki?

Hnitmiðað námskeið um félagafarm, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjú hluta og verður kennt þriðjudagana 13., 20. og 27. september kl. 16:10 – 19.

Námskeiðsstaður er Katrínartún 2 (Höfðatorg), 16. hæð, Reykjavík.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is

Fyrirlisari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is
Námskeiðsgjald er 40.000 kr. og greiðist við skráningu.

Lexista

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu um 50%.



Ég var bara patti að leika mér að bilum í moldinni heima þegar ég rakst á hann.

Hermann Jónsson, fyrrverandi hafnarvörður á Akureyri



Það eru helst þingvellir sem skera sig úr hvað fjölda fundinna mynta varðar.

Anton Holt, mynt-sérfræðingur



inn vinnur á honum líkt og öðrum hlutum.“

Mynt frá þessum tíma er afar fágæt, bæði hér á landi sem og í öðrum löndum, segir Anton Holt myntsérfræðingur. Þó hafa nokkr-

ar slíkar fundist hér víða um land. „Það eru helst þingvellir sem skera sig úr hvað fjölda fundinna mynta varðar enda fornleifauppgreiftir þar verið reglulegir,“ segir Anton. johannoli@frettabladid.is



Fjármála- þjónusta og ráðgjöf hér heima og erlendis.

GAMMA Capital Management annast sjóða- og eignastýringu og veitir ráðgjöf til fyrirtækja, lífeyrissjóða og efnameiri einstaklinga. GAMMA vinnur náið með erlendum ármálafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og opnaði nýlega skrifstofu með sjálfstætt starfsley í London. Kynntu þér starfsemi okkar á gamma.is.

REYKJAVÍK
Garðastræti 37 | 101 Reykjavík | Iceland
(+354) 519 3300 | gamma@gamma.is | gamma.is

LONDON
25 Upper Brook Street | Mayfair | London | W1K 7QD
+44 (0) 207 429 2200 | gcm@gcm.co.uk | gcm.co.uk

Hundruð fá styrk vegna skólabyrjunar

SAMFÉLAG Rúmlega 200 grunnskólabörn fengu í fyrra styrk frá Hjálparstarfi kirkjunnar til að kaupa námsgögn. Fjöldinn sem sótt hefur um aðstoð í ár er svipaður, að sögn Vilborgar Oddsdóttur félagsráðgjafa. Rúmlega 50 framhaldsskólanemar fengu aðstoð við að kaupa námsgögn.

„Við veitum 55 ungmennum úr átta sveitarfélögum og 15 skólum styrk úr Framtíðarsjóði 16-21 árs. Við settum þak á aðstöðina sem við veitum vegna kaupna á bókum. Ann-

ars myndum við tæma sjóðinn. Við höfum verið að borga fyrir þau 30 þúsund krónur í efnisgjöld á fyrstu önn og 20 til 25 þúsund á annarri önn. Auk þess fengu nokkur börn fartölvur. Við greiðum auk þess skólagjöld að fullu,“ greinir hún frá.

Vilborg segir aðeins færri framhaldsskólanema hafa sótt um aðstoð nú en í fyrra. Mögulega vegna þess að krakkarnir hafi átt auðveldara með að fá vinnu.

Aðstoð vegna kaupna grunnskólabarna á efnisgögnum nam í fyrra sjó


til 10 þúsundum á einstakling. „Þau hafa einnig getað fengið skólatöskur sem við eigum, bæði gamlar og nýjar. Svo hafa þau fengið fullt af stílabókum sem við höfum gefið með.“

Efnishyggjan fer minnkandi, að mati Vilborgar. „Það er meira um það að kennarar segi krökkunum að byrja í stílabókunum þar sem endað var árinu áður.“

Hjálparstarf kirkjunnar veitir einnig fjölskyldum aðstoð vegna tómsunda barna, fatakaupa og ferða í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. - ibs



Útgjöldin geta verið mikil þótt verslað sé á skiptibókamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Alexander Lúkasjenkó er sakaður um kosningasvindl. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þingkosningum lýst sem farsa

HVÍTA-RÚSSLAND Þingkosningar fóru fram í Hvíta-Rússlandi í gær. Talið er líklegt að stuðningsmenn forsetans Alexanders Lúkasjenko fái flest þingsætin. Stjórnarandstæðingar segja kosningarnar farsa.

Yfir 200 andstæðingar Lúkasjenkos sækjast eftir því að hreppa eitt af þingsætinum 110. Árið 2012 sniðgengu stjórnarandstæðingar þingkosningarnar.

Fjölmargin segja brögð hafa verið í tafl og framkvæmd kosninganna ekki eins og best verður á kosið. Mannréttindasamtök og eftirlitsmenn taka í sama streng. - jõe

Prófa rafrænar þinglýsingar

TÆKNI Í haust hefjast prófanir á rafrænum þinglýsingum, vonast er til þess að frumvarp þar að lútandi fari fyrir Alþingi í janúar og taki gildi 1. júní 2017. Þetta kom fram í máli Margrétar Hauksdóttur hjá Þjóðskrá á Haustrádstefnu Advania á föstudaginn.

Rafrænar þinglýsingar geta valdið þáttaskilum í heimi rafrænna löggeringa að mati Margrétar. Það sem fellur undir þetta eru fasteignir, ökutæki og skip. Í dag er þetta flókið kerfi, til að mynda er skrifað á þinglýst skjöl þegar skipt er um kröfuhafa. Eftir breytingar verður kröfuhöfum þinglýst rafrænt. Þinglýsingin mun þá eiga sér stað á sekúndum, ekki á mörgum dögum. Póstflutningur vegna þessa verður þá lagðir af. - sg

Sjálfstæðiskonur guldu afhroð

Úrslit prófkjara Sjálfstæðisflokksins verða ræddar á fundi í dag. Formaður flokksins útilokar ekki að niðurstöðum verði breytt. Iðnaðarráðherra hættir í stjórn málum. Þingkonur í Samfylkingu hverfa af Alþingi.

STJÓRN MÁL Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, segir það í höndum kjördæmisráðanna að klára endanlega niðurröðun einstaklinga á framboðslista flokksins.

Bjarni útilokar ekki að röð einstaklinga verði breytt en segir umbod þeirra sem fengið hafa kosningu mjög sterkt. „Þessi niðurstaða er auðvitað ekki bindandi og þetta er mál sem verður að skoða frá öllum hliðum,“ sagði hann.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins um helgina sýnir að innan flokksins eiga karlar auðveldara með að ná framgangi í prófkjöri en konur. Þetta segir Eva Heiða Önnudóttir, prófessor í stjórnmálafræði. Karlar röðuðu sér í efstu sæti lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi og í Suðvesturkjördæmi.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hlaut fjórða sætið í prófkjöri í Suðurlkjördæmi og Unnur Brá Konráðsdóttir þurfti að gera sér fimmta sætið að góðu.

Ragnheiður Elín sendi frá sér tilkynningu um miðjan dag í gær um að hún myndi ekki sækjast eftir fjórða sætinu og myndi hætta í stjórn mála um að loknum kosningum.

Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri, sigraði í kosningunum í Suðurlkjördæmi með nokkrum yfirburðum.

Miklar umræður hafa spunnist innan Sjálfstæðisflokksins um útkomu helgarinnar og sitt sýnist hverjum. Friðjón Friðjónsson, fulltrúi í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, segir að á endanum þurfi miðstjórn að samþykka framboðslista.

„Ég mun ekki styðja einsleita lista eins og niðurstöður prófkjöranna um helgina skiluðu. Það er það minnsta sem ég get gert í stöðunni,“ segir Friðjón.



Þátttakendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi á laugardagskvöld. MYND/FRÍDRIK ÞÓR HALLDÓRSSON

„Það hefur oft verið venjan að sitjandi þingmenn og sérstaklega ráðherra eigi auðveldara með að ná góðum úrslitum úr prófkjörum. Hins vegar virðist það vera að konur njóti þess ekki í sama mæli og karlarnir að fyrri reynsla fljóti þeim ofar á lista,“ segir Eva Heiða.

„Þegar fyrstu tölur voru lesnar upp í Kraganum sagði formaður flokksins það strax vonbrigði að konur væru ekki að ná nægilega góðum árangri. Einnig var landsþing flokksins haldið í mars tileinkað 100 ára kosningarétti kvenna. Því gæti það verið vísbending um að þessi mál séu ofar á baugi stjórnar flokksins en hins almenna kjósanda.“

Það hefur oft verið venjan að sitjandi þingmenn og sérstaklega ráðherra eigi auðveldara með að ná góðum úrslitum úr prófkjörum. Hins vegar virðist það vera að konur njóti þess ekki í sama mæli og karlarnir að fyrri reynsla fljóti þeim ofar á lista.

Eva Heiða Önnudóttir prófessor



Hjá Samfylkingu munu Össur Skarphéðinsson og Sigríður Ingiþjörg Ingadóttir verða oddvitar lista flokksins í Reykjavíkurborgarkjördæmunum og Árni Páll Árnason fer fyrir flokknum í Kraganum.

Nýliði mun verma efsta sætið í Norðvesturkjördæmi, Guðjón Brjánsson. Guðjón lagði Ólínu Þorvarðardóttur, sitjandi þingmann. Í Reykjavík stakk Eva Baldursdóttir sér fram fyrir tvo sitjandi þingmenn Samfylkingarinnar, þau Helga Hjörvar og Valgerði Bjarnadóttur. Verður, ef marka má skoðanakannanir, að teljast ólíklegt að Valgerður nái á þing að loknum kosningum. sveinn@frettabladid.is

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stórelhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

☎ 554 7200



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

BÓKHALDS- OG TÖLVUNÁM

Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA

LÁNSÞÆFT
NÁMFJARKENNSLA
Í BEINNI

BÓKHALD – GRUNNUR

- Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **5. október** • Morgun- og kvöldhópur • **20 skipti**

BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

- Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókarari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **15. september** • Morgun- og kvöldhópur • **24 skipti**

UPPLIFUN NEMENDA

”Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til. Góð tímasetning.
Signý Björk Kristjánsdóttir, Bókaránám fyrir lengra komna.

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúinir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

- Námið skiptist í sex hluta:
 - Bókhald – grunnur
 - Bókaránám fyrir lengra komna
 - Skattskil einstaklinga með rekstur
 - Viðurkenndur bókarari

Hefst **5. október** • Lýkur í desember 2017

ALMENNT TÖLVUNÁM

- Afar gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar árangri strax. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist hagnýta þekkingu í tölvuvinnslu sem nýtist jafnt í starfi sem heima og öðlist öryggi og færni í notkun helstu skrifstofuforrita; Word, Excel og Outlook.

Hefst **11. október** • Morgun- og kvöldhópur • **11 skipti**

STÖK NÁMSKEIÐ

STÖK NÁMSKEIÐ	SKIPTI	HEFST
Excel fyrir bókara	3	15. sept.
Excel frh. og Pivot greiningar	3	15. sept.
Excel grunnur	4	21. sept.
Skattskil einstaklinga með rekstur	6	28. sept.
Navision fjárhagsbókhald	9	31. okt.
Tollskýrslugerð	4	28. nóv.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

PROMENNT



Erdogan ætlar að láta til sín taka í Sýrlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Skylda Tyrklands að sigra ISIS

TYRKLAND Forseti Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, segir landið skyldugt til að sigra Íslamska ríkið í Sýrlandi.

Erdogan segir í tilkynningu að aðgerðir Tyrkja í Sýrlandi upp á síðkastið séu bara fyrstu skrefin í baráttunni við hryðjuverkasamtökin. Hann sagði að það þyrfti að ganga frá samtökunum í Sýrlandi og koma andstæðingunum á þann stað að ekki sé hægt að ráðast á Tyrkland.

Erdogan hefur á seinustu dögum bolað 24 kúrdiskum bæjarstjórum úr embætti. Hann telur þá hafa verið í tengslum við uppreisnarhópa. Mikil mótmæli brutust út í kjölfarið og þurfti lögregla meðal annars að beita tár gasi. – gj

» Erdogan hefur á seinustu dögum bolað 24 kúrdiskum bæjarstjórum úr embætti.

Kalla eftir sjálfstæði



Mörg hundruð þúsund íbúar Katalóniu gengu um götur borga í héraðinu í gær til að kalla eftir sjálfstæði frá Spáni. Meira en hálf milljón gekk í Barcelona-borg einni. Stjórnvöld á Spáni reyna hvað þau geta að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stirt milli formanns og forsætisráðherra

Menn eru sammála um að samræður á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins um helgina hafi verið hreinskiptar og hreinsað andrúmsloftið. Flokksmenn ósammála formanni samgöngunefndar þingsins um að formaður hafi lesið forsætisráðherra reiðilesturinn.

STJÓRN MÁL Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra mun ekki setjast í stjórn með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni eftir landsþing flokksins þann 1. október.

Sigurður sagði trúnaðarrest hafa orðið á milli sín og stjórnar flokksins undanfarið og því gæti hann ekki setið í óbreyttri stjórn. Heimildir Fréttablaðsins herma að samskipti þeirra séu stírt og að stuðningsmenn forsætisráðherra séu allt eins undirbúnir því að hann fari í formannsframboð.

Í samtölum við miðstjórnarfulltrúa Framsóknarflokksins eftir fundinn hefur komið fram að landsþingið í október verði ekki kurteisissamkoma. Þar mun verða tekist á um framtíð flokksins. Nokkrir þing-

menn sem fréttastofa heyrði í eftir fundinn vilja komast í kosningabaráttu og tala þá um síðustu ára og góða málefnaströðu en efast um að þau mál komist að með Wintrismál forsætisráðherra á bakinu.

Fjölmarginir hafa á síðustu dögum og vikum hvatt forsætisráðherra til þess að bjóða sig fram sem formann flokksins. Sveinbjörn Eyjólfsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Guðna Ágústssonar og núverandi forstöðumaður á Hvanneyri, steig í pontu á miðstjórnarfundum og lýsti yfir framboði.

„Það er mjög mikilvægt að Framsóknarmenn fái að kjósa um formannsembættið í flokknum,“ segir Sveinbjörn.

Höskuldur Þórhallsson, þing-



Vaktaskipti urðu í forsætisráðuneytinu í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

maður Framsóknar, sagði í hádegisfréttum RÚV að forsætisráðherra hefði þurft að sitja undir reiðilestri formanns flokksins. Margir hafa sagt það ekki vera sannleikanum samkvæmt. Jón Pétursson, formaður Framsóknarfélagsins í Mosfellsbæ, segir orð Höskuldur vera lygi.

„Ég var viðstaddur og veit nákvæmlega hvað fór fram. Ef eitthvað er þá var mikill vilji Sigmundar til að leita sátta við Sigurð Inga. Það er þyngra en tárur taki að samband þeirra sé stírt því þeir eru báðir sterkir stjórnmálamenn,“ segir Jón.

Sigmundur Davíð tjáir sig ekki um hvað gerðist undir lok fundarins. Ekki náðist í Sigurð Inga sem er í opinberri heimsókn í Danmörku. sveinn@frettabladid.is

Beltone **Legend™**

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend™** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

Beltoner heyrnartæki er með Bluetooth- og eiginlegum útskiptum. Það er notað til þess að tengja sig við iPhone, iPad og iPod touch. Beltoner heyrnartæki er notað til þess að tengja sig við iPhone, iPad og iPod touch. Beltoner heyrnartæki er notað til þess að tengja sig við iPhone, iPad og iPod touch.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL
#1
Á ÍSLANDI 2015

ŠKODA Octavia Drivers Edition

Aksturinn verður bara skemmtilegri og skemmtilegri



Við vorum að fá **ŠKODA Octavia Drivers Edition** sem er sérútfærsla af vinsælasta bíl á Íslandi 2015. Hann er með aukahlutapakka á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu til okkar í reynsluakstur og finndu hvernig hann leikur við þig í akstrinum. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá aðeins

3.839.000 kr.

Drivers Edition aukahlutapakki

- Xenon/LED framljós
- Climatronic miðstöð
- Krómpakki
- Leiðsögukerfi með SD korti
- 17" álfelgur
- 16" vetrardekk á álfelgum

Heildarverðmæti

740.960 kr.

Tilboðsverð á pakka

349.000 kr.

Afsláttur

391.960 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

Festingavörur á frábæru verði!



A4 og A2 ryðfrjár skrúfur. Mikil úrval.

Chemfix teinalím 345 ml
2.295

DOMAX byggingarvinklar. Mikil úrval af festingavörum.

Bostik 7002 festifrauð All season 750 ml
1.190



MURBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Fimmtán þúsund undir smásjóni


FRAKKLAND Manuel Valls, forsætisráðherra Frakklands, sagði í gær að fleiri árásir á landið væru yfirvofandi en að tillögur Nicolas Sarkozy, fyrrverandi forseta landsins, um stóruka öryggisgæslu væru ekki rétta leiðin til koma í veg fyrir að af þeim yrði.

Valls sagði að í síðustu viku hefði verið komið í veg fyrir tvær árásir og að yfir völd í Frakklandi hefðu fimmtán þúsund manns undir smásjóni.

Sarkozy lagði til að allir þeir sem væru undir grun um að vera í samstarfi við Íslamska ríkið yrðu hnepptir í sérstakt varðhald. – gj



Manuel Valls, forsætisráðherra Frakklands



Tilraunasprengjan nú er sú fimmta á tíu ára tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aðgerða að vænta vegna Norður-Kóreu

Norður-Kórea sprengdi sína stærstu kjarnorkusprengju til þessa í síðustu viku. Nágrannarnir í suðri hóta að þurrka Pjongjang af yfirborði jarðar. Utanríkisráðherra fordæmir tilraunirnar harðlega.

UTANRÍKISMÁL Yfirvöld í Bandaríkjunum velta nú fyrir sér beitingu einhliða þvingunaraðgerða gegn Norður-Kóreu eftir að landið hélt kjarnorkuvopnatilraunum sínum áfram. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundaði vegna málsins á föstudagskvöld en skilaði ekki ályktun.

Norður-Kórea sprengdi kjarnorkusprengju í tilraunaskyni á fimmtudag. Var það í fimmta skipti frá október 2006 en í annað sinn í ár. Jarðskjálfti sem fylgdi mældist 5,3 að styrk. Sprengjan var margfalt öflugri en sú sem sprengd var í janúar.

„Við fordæmum þessar aðgerðir harðlega og höfum miklar áhyggjur af þessari þróun,“ segir Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra. Er hún fékk fréttirnar hafði hún, að eigin sögn, tafarlaust samband við sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum til að koma þeim skilaboðum áleiðis.

Að mati Lilju eru norður-kóresk yfirvöld að sýna mátt sinn og megin með þessum tilraunum. Eins og alþekkt er þá er Norður-Kórea einræðisríki með miðstýrðu hagkerfi. Nágrannarnir í suðri búa hins vegar við markaðshagkerfi og mun meiri hagsæld og lífsgæði.

„Meðalþjóðartekjur á hvern íbúa í Norður-Kóreu er ekki nema fimm prósent samanborið við Suður-Kóreu,“ segir Lilja. „Það er gjórsamlega ólíðandi að stjórnvöld séu í

Það er gjórsamlega ólíðandi að stjórnvöld séu í einhverju kjarnorkubrölti á meðan íbúar landsins líða skort.

Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra



einhverju kjarnorkubrölti á meðan íbúar landsins líða skort.

Það kvað við annan tón í yfirlýsingu Suður-Kóreumanna vegna tilraunanna en oft áður. Þar segir að sýni Norður-Kórea minnstu merki um að landið hyggist beita kjarnorkuvopnum muni Suður-Kóreuher eyða Pjongjang af yfirborði jarðar.

„Yfirvöld í Seúl hafa yfirleitt verið nokkuð hófstíllt í viðbrögðum. Þessi sprengja nú hefur ýtt miklu sterkar við þeim en hinar fyrri,“ segir Lilja. „Þjóðir heimsins eru sem stendur að ræða við nágrannaríki á borð við Suður-Kóreu og Japan og kanna hvaða aðgerðir eru bestar.“

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefst í komandi viku en utanríkisráðherrann telur líklegt að þetta mál muni setja svip sinn á þingið. „Það er óhjákvæmilegt þegar svona mál koma upp að þau verði rædd á slíkum vettvangi.“

johannoli@frettabladid.is

Tækifæri

SIEMENS Veggofnar

Stórt 71 lítra ofnrými. Innbyggður kjóthitamælir. Átta hitunaraðgerðir, þar á meðal 4D-heitur blástur. Brennslusjálfrhrensun. TFT-litaskjár með texta.

Tækifærisverð (hvítur): HB 672GCW15
Tækifærisverð (stál): HB 672GCS15
149.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.

SIEMENS Spanhelluborð

Með stálhliðum og slípuðum framkanti. „flexInduction“-svæði: Meiri sveigjanleiki við matreiðslu. Tvöfaldur snertis-leði. Steikingarskynjari. 60 sm.

Tækifærisverð: EX 675LEC1E
139.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjagauglýsing

150g

50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvætílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borði á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stökkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Háfið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 17 sólarhringa. Frábendingar: Öfnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalísýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakliða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalísýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikilvægum sólarljósi, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/öfnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

SÍÐASTI SÉNS!



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 8.-12. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vinalýðræði



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hefur verið raunalegt að fylgjast með prófkjörum nokkurra stjórnmalaflokka fyrir komandi alþingiskosningar. Hver höndin virðist vera upp á móti annari, með tilheyrandi ásökunum um smölun, óeðlilegan þrýsting flokksleiðtoga og jafnvel atkvæðakaup sem greitt er fyrir með ríkisborgararétti í krafti pólitísks valds. En í framhaldinu eru svo allir listar sagðir, af sigurvegurinum, vera sérdeilis sterkir, lýðræðislegir og sigurstranglegir. Jafnvel þó sumir séu fádæma einsleitir, aðrir ótrúverðugir sökum þungra ásakana og þannig mætti áfram telja. Þetta ber lýðræðinu hvorki fagurt vitni né gefur kjósendum fögur fyrirheit um það sem koma skal með haustinu. Þvert á móti.

Fólk sem stendur utan við virkt starf í stjórnmalaflokkum þekkir þennan prófkjörstíma stjórnmalaflokkanna ekki af góðu. Strax þegar skriðið er inn á kosningaaldur hefst sókn í atkvæði til þess að hafa áhrif innan flokka sem viðkomandi á jafnvel bæði leynt og ljóst ekki hina minnstu samleið með. Viðkomandi atkvæði er ýmist lofað að ekki þurfi að ganga í flokkinn eða að það sé lítið mál að segja sig úr honum aftur. Því fylgir oft en ekki loford um að það þurfi ekkert að styðja flokkinn í kosningum en mikilvægt sé þó að koma að rétta kunningjanum, frændanum eða frænkunni. Og þá til hvers? Til þess að vinna af einurð að málefnum sem viðkomandi atkvæði er ekki einu sinni sammála? Við hljótum að hafa áhyggjur af því að þetta sé ekki lýðræðislegri þróun og þroska til framdráttar, en hafi meira að gera með persónulega hagsmuni og framþrá einstaklinga.

Stjórnmalaflokkar eru vonandi stofnaðir utan um sameiginlegar hugsjónir og samfélagslega framtíðarsýn einstaklinga. Stofnaðir til þess að koma góðum verkum til leiðar fyrir samfélagið í heild sinni. Því er meira en æskilegt að fulltrúar þeirra nái sem allra best utan um þessa heild. Séu af báðum kynjum, með ólíkan bakgrunn, menntun og á breiðu aldursbili því við tilheyrum mismunandi hagsmunahópum eftir aldri, menntun, stétt og stöðu. Prófkjör hafa ekki reynst vel í þessu tilliti. Enda bjóða þau þeirri hættu heim að þeir sem stærstan eiga frændgarðinn, flesta vinina og jafnvel mesta peninginn njóti umtalsverðs forskots. Njóti forskots á t.d. konur, einstæðinga, innflytjendur og aðra minnihlutahópa sem þó hafa tekið virkan þátt í starfi og stefnumótun viðkomandi stjórnmalaflokks og eru um margt hæfari en til að mynda vinmargir lukkuriddarar.

Stjórnmalaflokkarnir sem standa í prófkjörsbrótti þessa dagana geta tæpast verið sælir með hvernig þetta er að ganga fyrir sig. Og hvað sem líður glaðbeittum yfirlýsingum flokksleiðtoga í fjölmiðlum á næstunni, það þykir mikilvægt í pólitík að sýna engin veikleikamerki, þá hlýtur fólk sem í raun og veru ber uppi starf þessara flokka að taka þessi ósköp til endurskoðunar. Að setja sér það markmið að viðkomandi flokkur bjóði fram í hvert eitt sinn, á hverjum stað fyrir sig, fjölbreytta lista þeirra hæfustu og bestu fremur en þá valdamestu og vinaflestu.



Við hljótum að hafa áhyggjur af því að þetta sé ekki lýðræðislegri þróun og þroska til framdráttar, en hafi meira að gera með persónulega hagsmuni og framþrá einstaklinga.

Halldór



Frá degi til dags

Ráðherra flengdur
Oddviti Sjálfstæðisflokks í Suðurlandskjördæmi hefur strítt við mótbyr á kjörtímabilinu. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur tekist á við uppbyggingu í Helgúvík og síaukinn ferðamannastraum um helstu þerlu Suðurlands sem ráðherra ferðamála. Lítið gengur að koma raforku til Helgúvíkur og er málið stopp um allar koppa-grundir Vatnsleysustrandar og hún hefur verið gagnrýnd fyrir að lítið þokist í uppbyggingu ferðamannastaða. Áhugamenn um stjórnmál vissu að við ramman reip væri að draga. Hins vegar óraði fáa við því að Ásmundur Friðriksson fengi 600 fleiri atkvæði en ráðherrann.

Hafði Bjarni kortlagt stöðuna?
Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, er sagður hafa boðið Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur 2. sætið á lista flokksins í Kraganum áður en hún gekk til liðs við Viðreisn. Þetta sagði Þorgerður í viðtali við Helga Seljan í Kastljósi. Í ljósi útreiðar kvenna í nýafstöðnum prófkjörum flokksins vaknar sú spurning hvort Bjarni hafi ekki talið þá kvenframbjóðendur sem fyrir voru nægilega sterka til að hljóta efstu sætin á lista flokksins. Ljóst er að Listi Sjálfstæðisflokksins hefði verið mun „söluvænlegri“ með Þorgerði í 2. sætinu en fjóra miðaldra karla í röð. sveinn@frettabladid.is

Grundvallarmunur



Logi Einarsson
varaformaður
Samfylkingarinnar

Á Sprengrandi, þann 14. ágúst síðastliðinn, útskýrði Sigríður Andersen, þingkona Sjálfstæðisflokksins, með skýrum hætti, að hægri menn litu ekki á skattkerfið sem jöfnunartæki; það væri einungis til tekjuöflunar. Bætur væru hugsaðar til þess að jafna kjörin. Þetta kemur í sjálfu sér ekkert á óvart en það er bæði heidarlegt og hreinskilið af þingkonunni að lýsa þessu yfir á jafn afdráttarlausan hátt. Því er nefnilega oft haldið fram að enginn munur sé á stefnum stjórnmalaflokkanna. Hann kemur þó kannski einna skýrast fram í afstöðu þeirra til skatta.

Fyrir skattfé hefur okkur þrátt fyrir allt tekist að byggja upp ágætt mennta- og heilbrigðiskerfi og þökkalegar samgöngur, en við þurfum að gera mun betur á mörgum sviðum. Jafnaðarmenn líta þó ekki eingöngu á skattheimtu sem leið til tekjuöflunar, heldur einnig til jöfnunar á aðstöðu fólks. Þrepaskipt skattkerfi er réttlát leið til að jafna kjör manna. Við teljum aukinn jöfnuð vænlega leið til þess að byggja upp friðsælt, lífvænlegt og fjölbreytt samfélag. Besta tryggingin fyrir því að sem mest náist út úr mannaöldum, er að gefa öllum sem best tækifæri til þess að þroska hæfileika sína. Með því að dreifa byrðunum eftir getu hvers og eins, er hægt að tryggja öllum aðgang að skólum, heilbrigðisþjónustu, félagslífi og öðru sem í dag eru sjálfsgöð mannréttindi. Mér er reyndar til efs að margir hafi ráðist í skynsamlegri fjárfestingu en það að greiða skattinn sinn.

Á þessu kjörtímabili hafa stjórnvöld minnkað álögur á efnuðustu íbúana, lagt drög að fækkun skattþrepa og lækkað greiðslur vaxta- og barnabóta um á annan tug milljarða króna. Þetta er skýrt merki um að núverandi stjórnvöld líta ekki á það sem hlutverk sitt að jafna kjörin.

Samfylkingin vill öflugra samneyslu, þar sem þeir aflögufæru greiða hlutfallslega meira til samfélagsins en efnaminna fólki er hlíft. Þannig er öllum gert kleift að njóta þeirra gæða sem landið hefur upp á að bjóða, og er sannarlega sameign okkar allra.



Samfylkingin vill öflugra samneyslu, þar sem þeir aflögufæru greiða hlutfallslega meira til samfélagsins en efnaminna fólki er hlíft.

DÚNDUR
LAGERSALA NTC

Kultúr
eva GK Kultúr
KARAKTER COMPANYYS
galleri sautján
URBAN FLÓ & FRANSÍ SMASH
gs skór

ER Í FULLUM GANGI!
OPIÐ FRÁ 10-18:30 Í DAG
3. HÆÐ KRINGLUNNI

Farðu inná "Lagersala NTC" á facebook

„Ekki höfum vér kvenna skap“

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Tíðindi helgarinnar í próf-kjörsmálum voru ótíðindi í flestum skilningi. Í fyrsta lagi er tilfinningin sú að ekkert hafi í rauninni gerst – engin tíðindi hafi orðið – ríkjandi ástand haldi bara áfram út í hið óendanlega.

Í öðru lagi komust í örugg sæti menn sem manni finnst ekki eiga erindi á þing; enn séu kjósendur að senda okkur fulltrúa sem ekki séu líklegir til að auka virðingu fyrir þessari mikilvægustu stofnun landsins.

Og í þriðja lagi: fimm alþingiskonur detta út af þingi. Í furðu mörgum prófkjörum helgarinnar taka kjósendur undir með Skarphéðni í Njálu þegar hann svarar frýjunarorðum móður sinnar Bergþóru (sem var drengur góður) með þessum orðum: „Ekki höfum vér kvennaskap.“

Helmingur mannkyns

Móðir mín sagði einhvern tímann aðspurð um jafnréttismál að hún skildi ekki hvernig karlar gætu haft fordóma gagnvart konum – konur væru helmingur mannkyns. Og bætti við: „Ekki hef ég neina fordóma gagnvart körlum.“

Fjórir karlar í efstu sætum Sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi. Þrír karlar í efstu sætum í Suður-

kjördæmi. Tilviljun segja sumir; bara stjórnmálamaður sem dæmdir eru af verkum sínum. Ég veit það ekki. Þegar horft er á karlana sem völdust og konurnar sem sagt var að vera úti þá blasir aðeins eitt við. Ekki höfum vér kvennaskap.

Því fer auðvitað fjarri að konur séu alltaf betri stjórnmálamaður en karlar. Margrét Thatcher stóð fyrir breytingum á bresku samfélagi sem voru til óþurftar fyrir flest fólk – niðurri á samfélagslegri þjónustu, græðgisvæðingu og auðvaldsefningu sem við erum enn að súpa seyðid af. Og valdniðslu og vitleysisgang vandra kvenstjórnmálamaða á Íslandi þarf ekki að hafa mörg orð um.

Skárri væri það nú. Konur eru alls konar. Þær eru með öðrum orðum helmingur mannkyns, og verður að teljast með nokkrum ólíkindum hversu illa kjósendum Sjálfstæðisflokksins gengur að finna konu að sínu skapi.

Þó að konur geti verið skelfilegir stjórnmálamaður – eins og dæmin sanna – þá höfum við óþægilega mörg dæmi um farsælar, vinnusamar og réttisýnar konur sem nú hverfa af þingi af margvíslegum ástæðum: Brynhildur Pétursdóttir úr BF, Katrín Júlíusdóttir úr SF og Ragnheiður Ríkarðsdóttir úr Sjálfstæðisflokki eru allar að hætta þingmennsku of snemma. Margrét Tryggvadóttir hefði svo sannarlega átt erindi aftur á þing. Og eru þá ótaldir þær þingkonur sem kjósendur höfnuðu í prófkjörum helgarinnar, en völdu í staðinn karla sem virðast margir síðri kostur. Samfylkingin sér af Ísafjarðarskörungnum Ólinu Þorvarðardóttur, sem er rökföst og hefur ríka réttlætiskenn – og Val-



Móðir mín sagði einhvern tímann aðspurð um jafnréttismál að hún skildi ekki hvernig karlar gætu haft fordóma gagnvart konum – konur væru helmingur mannkyns. Og bætti við: „Ekki hef ég neina fordóma gagnvart körlum.“

gerði Bjarnadóttur sem hefur verið með ágætustu og hugsjónaríkustu þingmönnum Samfylkingar og sú sem bar hitann og þungann inni á þingi af því að reyna að koma hér á nýrri stjórnarskrá.

Kynleiðrétting

Sjálfstæðismenn höfnuðu Elinu Hirst úr Kraganum og varaþingmanninum Bryndísi Loftsdóttur, sem báðar eru mjög frambærilegir þingmenn. Þeir höfnuðu líka Unni Brá Konráðsdóttur sem vakið hefur virðingu langt út fyrir flokksráðir fyrir góð störf og Ragnheiði Elinu Árnadóttur sem er umdeildust þessara kvenna, enda hafa henni verið mislagðar hendur í störfum sínum.

Hver þessara kvenna hefur verið með sínu móti í störfum sínum og þær ættu að höfða til ólíkra hópa. En nei, kjósendur flokksins völdu heldur kall sem hefur haldið þruglæður í Trump-stil um innflytjendamál og notað orðið „múslímistar“ um útlent fólk sem ekki

hefur annað til saka unnið en að vilja búa hér; og kall sem gat sér orð þegar hann var valinn til að stýra fátækri menningarstofnun og lét það þá verða sitt fyrsta verk að láta stofnunina kaupa handa sér rándýran montjeppa – fór svo að reka fólk til að afla fjár. Og kall sem litur á hvalveiðar og stóriðju sem helstu hugsjónamál Íslands. Og kall sem er að finna í Panamaskjólum. Og kall og kall og kall.

Skiptir það máli hvort karlar eða

konur veljast? Nei. Og þess vegna skiptir það einmitt máli þegar aðeins karlar veljast. Því karlar eru alls konar og konur eru alls konar – og konur eru sem sé helmingur mannkyns. Og þess vegna tekur maður eftir því þegar annað kynið nánast hverfur af vettvangi hjá svo stórum og öflugum flokki. Nema Sjálfstæðisflokkurinn telji að nú sé kominn tími fyrir kynleiðréttingu hjá sér – eftir þær umbætur að losa sig við frjálslýnda fólk í Viðreisn.

GLÆSILEGT IÐNAÐAR- OG LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU



Glæsilegt húsnæði til leigu við Miðhelli 2 í Hafnarfirði

Um er að ræða gott og bjart endabil, alls **554 m²** á góðum stað í vaxandi hverfi. Milliloft er yfir hluta af rýminu sem nýta mætti í t.d. lager eða skrifstofur. Lofthæð er mikil og innkeyrsludyr stórar og góðar. Frábært athafnasvæði á lóð fylgir rýminu. Róleg og snyrtileg starfsemi er í öðrum hlutum hússins.

Nánari upplýsingar í síma **666 4000** eða leiga@reginn.is

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Menntun í heimabyggð



Bjarni Jónsson
sveitarstjórnar-
maður og
formaður Vg í
Skagafirði,
byður sig fram
í 1. sæti Vg í
forvali í Norð-
vesturkjördæmi

Skólarnir eru lífæð byggðanna og þar slá hjórtu íbúanna. Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar – öll menntun í heimabyggð skiptir miklu máli fyrir lífsgæði og val á búsetu fólks.

Framhaldsnám í heimabyggð hefur verið sérstakt baráttumál landsbyggðarinnar á undanföllum árum. Sjálfraeðisaldurinn er jú 18 ár og foreldrar vilja ógjarnan senda börn sín ung að heiman í fjarlægá landshluta til að geta sótt þá menntun sem þau eiga rétt á.

Stöðugt þarf að verja fjárveitingar til eldri framhaldsskólanna hvar sem er á landinu. Mér verður m.a. hugsað til Menntaskólans á Ísafirði og Fjölbrautaskólanna á Akranesi og Sauðárkróki.

Mennt er máttur. Það þurfti að berjast fyrir stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Menntaskólans í Borgarnesi, Menntaskólans á Tröllaskaga og framhaldsdeildanna í Vesturbyggð á Patreksfirði og nú síðast á Hólmavík, Hvammstanga og Blönduósi svo dæmi sé nefnd.

Með samstöðu og einbeittum vilja heimamanna og velvilja stjórnvalda tókst að koma á þessu mikla hagsmunamáli íbúanna. Sem sveitarstjórnarmaður, á vettvangi landshlutasamtakanna og sem formaður skólanefndar FNV var ánægjulegt að geta stutt þessa baráttu heimafélags fyrir auknu framboði menntunar á svæðunum. Framhaldsdeildirnar á Hólmavík, Hvammstanga og á Blönduósi hafa FNV á Sauðárkróki sem móðurskóla sinn en framhalds-



Þörfin fyrir bættu stöðu þessarar menntunar sýnir sig best í hinni gríðarlegu eftirspurn eftir iðnmenntuðum starfsmönnum á flestum sviðum atvinnulífsins. Íbúarnir og starfsfólkið vill að sjálfsögðu hafa skólann sinn og nám barna sinna í öruggum höndum á heimaslóð.

deildin á Patreksfirði sækir til Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

Nærsamfélagið skiptir máli

Unglingsárin eru tími mikilla umbrota hjá hverjum einstaklingi og ákvarðanir teknar sem skipta miklu máli fyrir framtíðina bæði í leik og starfi.

Fyrir fjölskylduna eru það hrein mannréttindi að geta verið í sem mestum samvistum við unglíngana sína á þessum tíma og veitt þeim allan stuðning og hvatningu sem nærsamfélagið getur lagt þeim til. Þessar staðreyndir eru í raun áréttáðar í sjálfraeðislagnum, en með þeim hafa heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á börnum sínum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skípulag menntunar í landinu taki mið af því. Auk þess er sá kostnaður óheyrilegur sem leggst á fjölskyldur við að senda börn langan veg til að njóta sjálfsagðrar menntunar og ekki á allra færi að standa undir honum.

Sóknarfærin eru í menntun

Fjölbreytt námsframboð í heimabyggð styrkir sjálfsmyndina, eykur samkeppnishæfni og hefur marg-

feldisáhrif í nærsamfélaginu. Framfarir í fjarskiptatækni bjóða upp á margþættan stuðning og möguleika í þessu starfi. Með stofnun framhaldsdeildanna á smærri stöðum hafa opnast nýir möguleikar fyrir fólk sem ekki átti tækni á í uppveixinum að sækja sér framhaldsmenntun. Það var því mikil skammsýni og afturför þegar núverandi stjórnvöld ákváðu að takmarka framlög og stuðning ríkisins til framhaldsskólanna við nemendur undir 25 ára aldri. Sóknarfæri landsbyggðarinnar ásamt jafnrétti íbúanna eru einmitt fólgin í því að geta fléttað þetta tvennt saman, framhaldsmenntun ungs fólks og eldri íbúa, sem vegna fjarlægðar og kostnaðar gátu ekki sótt þessa grunnmenntun á sínum tíma.

Framhaldsskólarnir hafi möguleika til sóknar

Framhaldsskólarnir, móðurskólar framhaldsmenntunar í landinu, sem og hinar nýju framhaldsdeildir út um land, þurfa að búa við öryggi og möguleika til sóknar. Óvissan um fjármagn og óttinn við niðurskurð og lokanir deilda ásamt auknum kröfum um lágmarksfjölda í einstökum áföngum frá ári til árs gerir starfsumhverfið óöruggt. Mikilvægt er að framhaldsskólarnir fái aukinn skilning og fjárstuðning til að þróa námið og endurnýja og bæta tækni-búnað sinn.

Verður mér þar sérstaklega hugsað til verknámsins þar sem ég þekki best til við Fjölbrautaskólana á Akranesi og Sauðárkróki, sem þurfa verulega aukinn stuðning, en þar er unnið afar gott starf.

Þörfin fyrir bættu stöðu þessarar menntunar sýnir sig best í hinni gríðarlegu eftirspurn eftir iðnmenntuðum starfsmönnum á flestum sviðum atvinnulífsins. Íbúarnir og starfsfólkið vill að sjálfsögðu hafa skólann sinn og nám barna sinna í öruggum höndum á heimaslóð.

Meistararnir í draumastöðu



Sjö stiga forskot FH-ingar eru með bestu spilin á hendi í toppbaráttu Pepsi-deildar karla eftir 1-1 jafntefli við Breiðablik í Kaplakrika í gær. FH er því áfram með sjö stiga forystu á toppnum þegar fjórum umferðum er ólokið. Það þarf því mikið að ganga á ef Fimleikafélagið verður ekki Íslandsmeistari annað árið í röð og í áttunda sinn á síðustu 13 árum. Næsti leikur FH er gegn Fylki í Árbænum á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Man Utd	1-2	Man City
Arsenal	2-1	Southampton
Bournemouth	1-0	West Brom
Burnley	1-1	Hull City
Boro	1-2	Crystal Palace
Stoke City	0-4	Tottenham
West Ham	2-4	Watford
Liverpool	4-1	Leicester
Swansea	2-2	Chelsea

Efst	Neðst		
Man. City	12	Leicester	4
Chelsea	10	West Ham	3
Man Utd	9	Southampton	2
Tottenham	8	Sunderland	1
Liverpool	7	Stoke City	1

Pepsi-deild karla

KR - ÍBV 2-0

1-0 Morten Beck Andersen (73.), 2-0 Óskar Örn Hauksson (87.).

Vikingur R. - Fjölnir 1-2

0-1 Martin Lund Pedersen (34.), 1-1 Bjarni Páll Runólfsson (35.), 1-2 Pedersen (81.).

Fylkir - Vikingur Ó. 2-1

1-0 Jose „Sito“ Enrique (8.), 2-0 Arnar Bragi Bergsson, víti (64.), 2-1 Pape M. Faye (83.).

Rautt spjald: Emir Dokara, Vík. Ó. (90+5.).

FH - Breiðablik 1-1

0-1 Árni Vilhjálmsson (32.), 1-1 Kristján Flóki Finnbogason (33.).

Próttur - ÍA 3-0

1-0 Christian Sörensen (25.), 2-0 Brynjar Jónsson (48.), 3-0 Brynjar (80.).

Stjarnan - Valur 2-3

1-0 Evar Ingi Jóhannesson (13.), 2-0 Hilmar Árni Halldórsson (40.), 2-1 Sigurður Egill Lárusson (45.), 2-2 Andreas Albech (78.), 2-3 Albech (90+6.).

Pepsi-deild kvenna

Stjarnan - Breiðablik 1-1

0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (53.), 1-1 Ana Victoria Cate (79.).

Rautt spjald: Arna Dis Arnþórsdóttir, Breiðablik (75.).

Valur - ÍA 2-1

1-0 Mist Edvardsdóttir (8.), 2-0 Dóra María Lárusdóttir (13.), 2-1 Hrefna Puriður Leifsdóttir (70.).

Fylkir - FH 1-2

0-1 Alex Nicole Alugas (34.), 1-1 Kristin Erna Sigurlásdóttir (64.), 1-2 Helena Ósk Hálf-dánardóttir (89.).

ÍBV - KR 3-0

1-0 Abigail Cottam (61.), 2-0 Cloe Lacasse (77.), 3-0 Sigríður Lára Garðarsdóttir (90+1.).

Selfoss - Þór/KA 0-0

Olís-deild karla

ÍBV - Haukar 34-28

Theodór Sigurbjörnsson 9/3, Sigurbergur Sveinsson 8 - Guðmundur Árni Ólafsson 6/2

Stjarnan - Akureyri 26-23

Garðar B. Sigurjónsson 8/3, Ólafur Gústafsson 6 - Kristján Orri Jóhannsson 8/2.

FH - Valur 27-25

Ásbjörn Friðriksson 7, Óðinn Þór Rikharðsson 5 - Sveinn Aron Sveinsson 10/4.

Olís-deild kvenna

ÍBV	34-25	Grótta
Stjarnan	20-21	Haukar
Selfoss	24-28	Fram

Í dag

18.50 Sunderland - Everton Sport

19.05 HK - Haukar Sport 3

21.00 Messan Sport 2

Olís-deild kvenna:

19.30 Valur - Fylkir Valshöllin

Reyni að njóta þess að spila

Ólafur Gústafsson er kominn aftur á ról eftir erfið og langvinn meiðsl. Eftir fjögur ár í atvinnumennsku ákvað hann að koma heim og endurræsa ferilinn.

HANDBOLTI Ólafur Gústafsson lék sinn fyrsta leik með Stjörnunni þegar liðið vann þriggja marka sigur, 26-23, á Akureyri í 1. umferð Olís-deildarinnar á laugardaginn.

„Sem nýliðar í deildinni vitum við kannski ekki alveg hvar við stöndum, þannig að það var mjög gott að byrja á sigri,“ sagði Ólafur sem spilaði nær allan leikinn, skoraði sex mörk og var öflugur í vörninni.

Bara það eitt að spila heilan leik er áfangi fyrir Ólaf en hann hefur lítið spilað vegna erfiðra hnémeiðsla undanfarin tvö ár.

Ólafur, sem er uppalinn FH-ingur, fór út í atvinnumennsku síðla árs 2012 þegar þýska stórliðið Flensburg samdi við hann. Ólafur lék í tvö ár með Flensburg og vann Meistaradeild Evrópu með liðinu vorið 2014. Þá um sumarið gekk hann í raðir Aalborg í Danmörku og strax á undirbúnings tímabilinu bankaði meiðsla draugurinn upp á.

„Þetta kom upp á undirbúnings-tímabilinu. Ég var nýr í liðinu og þindi mig áfram í einhvern tíma áður en eitthvað var gert. Ég spilaði ekki marga leiki og var aðallega nýttur í vörninni,“ sagði Ólafur sem glímdi við meiðslu á báðum hnjám. „Svo fór ég í aðgerð síðasta sumar og var nánast ekkert með á síðasta tímabili.“

Ólafur vildi spila áfram erlendis en ákvað á endanum að koma aftur heim.

„Maður vill alltaf halda sér úti. Ég skoðaði einhverja möguleika og fór á reynslu. En svo hugsaði ég með mér að það væri mjög gott að koma heim og hafa svigrúm til að ná mér og byrja svolítið frá grunni. Ég sé ekki eftir því,“ sagði Ólafur. En af hverju

Mér liður mjög vel í líkamanum eins og er og sé ekkert því til fyrirstöðu að ég leiki flesta leiki í vetur.

Ólafur Gústafsson



varð Stjarnan fyrir valinu?

„Það voru lið sem settu sig í samband við mig en ég endaði á því að velja Stjörnunna. Þeir sýndu mjög mikinn áhuga og voru fyrstir til að tala við mig. Ég þekkti einhverja leikmenn þarna sem og þjálfarann [Einar Jónsson],“ sagði Ólafur og bætti því við að markmið Stjörunnar væri að festa sig í sessi í Olís-deildinni en liðið hefur flakkað á milli deilda undanfarin ár.

Ólafur var heill í sumar, æfði vel og segist vera í góðu formi.

„Ástandið er mjög gott. Ég var á fullu á undirbúnings-tímabilinu, nema ég fékk hvíld í nokkrum æfingaleikjum til að stýra álaginu. Maður var allt í einu kominn í úti-hlaupin og allt þetta skemmtilega aftur,“ sagði Ólafur sem nýtur þess að vera inni í vellinum í stað þess að vera á sjúkrahæknum eða uppi í stúku.

„Mér liður mjög vel í líkamanum eins og er og sé ekkert því til fyrirstöðu að ég leiki flesta leiki í vetur. Það er gaman að vera kominn til baka og farinn að spila handbolta. Ég reyni bara að njóta þess. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri,“ sagði Ólafur að endingu.

ingvithor@365.is



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



LANDSLIÐ KARLA
Í KÖRFUBOLTA

UNDANKEPPNI EUROBASKET 2017

MIÐ. 14. SEP. KL. 20:15



ÍSLAND




KÝPUR

Ísland og Kýpur eigast við í mikilvægum leik í undankeppni EM, EuroBasket 2017, miðvikudaginn 14. september. Leikurinn hefst kl. 20:15 í Laugardalshöllinni.

Miðaverð er 2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri og frítt er fyrir 12 ára og yngri.

Miðasala fer fram á **TIX:IS**

Mætum og styðjum strákana til sigurs!



WWW.NISSAN.IS



Innovation
that excites

NISSAN X-TRAIL

RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA



TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPIARNIR

Nýju sportjépparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

**320.000 kr.
KAUPAUKI**

Heilsársdekk og dráttarbeisli fylgja
nýjum Nissan X-Trail í september



NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.190.000 kr.

Eyðsla 5,1 l / 100 km*

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjór hjóladrifinn

Verð: 5.590.000 kr.

Eyðsla 5,3 l / 100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth

Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



TÍMAMÓT



Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF, Eliza Reid forsetafrú og Guðmundur Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá Te & Kaffi, þegar átaksverkefnið Klárur málið fór af stað. MYND/UNICEF

Hafa safnað 30 milljónum fyrir UNICEF

Frá árinu 2008 hefur Te & Kaffi safnað þrjátíu milljónum fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna með sölu til fyrirtækja og átaksverkefnum. Núna stendur yfir átaksverkefni gegn mænusótt. Framlög sem hafa safnast hafa farið í réttindabaráttu fyrir börn um allan heim.

Te & Kaffi hefur unnið það afrek að safna um þrjátíu milljónum króna fyrir UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, frá því að fyrirtækið gerðist styrktaraðili UNICEF árið 2008.

Fénu hefur verið safnað með sölu á kaffi til fyrirtækja til styrktar UNICEF á Íslandi og með átaksverkefnum. Eitt slíkt, Klárur málið sem er átaksverkefni gegn mænusótt (lömunarveiki), fór í gang föstudaginn 2. september og stendur út þessa viku. Mænusótt er einungis landlæg

í tveimur ríkjum í dag en þau voru 125 árið 1988.

„Við hjá UNICEF á Íslandi erum stolt af samstarfinu við Te & Kaffi og það er yndislegt að finna hvað þau láta sig hjálparstarfið og baráttuna fyrir réttindum barna miklu máli skipta,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, kynningarstjóri og upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi, um söfnunina.

„Framlög sem hafa safnast hjá Te & Kaffi frá 2008 hafa farið í réttindabaráttu fyrir börn um allan

heim, baráttuna gegn mænusótt,aráttu gegn ebólu og í menntaverkefni fyrir börn í Kólumbíu upp á síðkastið. Það er mjög fallegt verkefni. Kaffið sem við höfum selt fyrirtækjum er ræktað í Cauca-héraðinu í Kólumbíu og það eru konur sem eiga og reka búgarðinn og handtína baunirnar. Framlög sem safnast með kaffisölu hér á landi fara síðan í að styðja börn frá frumbyggjasamfélögum á þessu sama svæði til náms, í gegnum menntaverkefni UNICEF,“ segir Sigríður.

„Við hjá Te & Kaffi erum stolt af samstarfinu við UNICEF á Íslandi og þykir afskaplega vænt um það. Við erum búin að vera stoltur styrktaraðili frá árinu 2008 og höfum á þeim tíma safnað um þrjátíu milljónum króna og erum hvergi nærri hætt. Samstarfið við UNICEF er hryggjarstykkið í okkar stefnu um samfélagslega ábyrgð og nýtur hún mikils stuðnings starfsmanna alls staðar í fyrirtækinu,“ segir Guðmundur Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá Te & Kaffi.

Fram til sunnudags mun Te & Kaffi gefa andvirði einnar bólu-setningar gegn mænusótt fyrir hvern seldan drykk og er viðskiptavinum boðið að gera það sama. Skammtur af bóluvefninu kostar einungis 25 krónur. „Ég held að við séum búin að safna fyrir tíu þúsund bólusetningum núna, við keyrum bara eins mikið á þetta og við getum þessa viku og vonumst til að safna sem mestu,“ segir Guðmundur.

saeunn@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 12. SEPTEMBER 1962

David Ben-Gurion heimsækir Ísland

Í dag eru liðin 54 ár frá því að David Ben-Gurion, fyrsti forsætisráðherra Ísraels, kom í opinbera heimsókn til Íslands.

Ben-Gurion lenti á Reykjavíkurlflugvelli en þar beið margmenni. Ólafur Thors, þáverandi forsætisráðherra, tók á móti ísraelska starfsbróður sínum fyrir Íslands hönd.

Ísraelski forsætisráðherrann dvaldist hér á landi í fjóra daga. Á þeim tíma snæddi hann með forseta Íslands, Ásgeiri Ásgeirssyni, og síðar með borgarstjórn Reykjavíkur. Þá skoðaði hann Háskóla Íslands, Þingvelli og Þjóðminjasafnið en með í för voru dr. Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður, og Gylfi Þ. Gíslason sem þá var menntamálaráðherra. – jõe



David Ben-Gurion var fyrsti forsætisráðherra Ísraels. NORDICPHOTOS/GETTY



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Lárusson Rist

bóndi og fyrrum lögregluþjónn, Litla-Hóli, Eyjafjarðarsveit,

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 30. ágúst, verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju miðvikuðaginn 14. september klukkan 13.30.

Kristín Þorgeirsdóttir

**Þórður Rist
Jóhann Pálsson Rist
Þorgeir Jóhannesson
Margrét Rist
Vilhjálmur Rist
Ólóf Rist**

afabörn og langafabörn.

**Lára Jósefína Jónsdóttir
Brynhildur Pétursdóttir
Ragnheiður Sigfúsdóttir
Björgvín Tómasson
Jane Victoria Appleton
Stéphane Aubergy**



NÝ LAMPALÍNA FRÁ BERLINORD

Hrafnkell Birgisson vöruhönnuður frumsýndi nýja línu lampa úr málmni á sýningunni Maison&Objet í París. Lamparnir eru framhald línu bökunarforma sem Berlinord sendi frá sér fyrir nokkrum árum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Tools You Light, lampaskermar frá Studio Berlinord & Pop Corn Design voru frumsýndir á hönnunarsýningunni Maison & Objet í París í vikunni sem leið. Hrafnkell Birgisson, vöruhönnuður og eigandi Studio Berlinord, hannaði lampaskermana upprunalega sem bökunarform með félaganum sínum Sebastian Summa. Formin og skermarnir eru framleiddir á litlu málmverkstæði í Berlín, Hugo Brauer Metallwaren.

„Þetta verkstæði hefur starfað í rúm hundrað ár, mest sem birgir fyrir önnur fyrirtæki og vörumerki. Þegar við hittum Thomas Bräuer blikksmið fyrst fyrir 12 árum langaði okkur strax að búa til vörulínu sem væri upprunatengd verkstæðinu og myndi upphæfja þetta einstaka handverk. Við hugleiddum lampa þá en bökunarform urðu ofan á,“ útskýrir Hrafnkell en formin eru „dregin“ úr málmni en verkstæðið er sérhæft í því.

„Okkur fannst að bökunarformin sem hugmynd þyrftu að fá að lifa

sjálfstætt um tíma en nú erum við að endurtaka ferlið, vinna út frá þeim verkfærum og mótum sem voru notuð í öðrum tilgangi áður. Formin sem við höfum verið að nota til að framleiða bökunar-



Hrafnkell vann nýlega með nemendum KADK í Danmörku að sjálfstýrðum leigubíl framtíðarinnar.

form fá nú annað hlutverk,“ útskýrir Hrafnkell og segir að nú taki við frekari kynning á Tools You Light. „Það stendur til að sýna þá víðar og sem fyrst á Íslandi.“

HÖNNUNARSTÚDÍÓ Í KAUPMANNAHÖFN

Hrafnkell starfrækir hönnunarstúdíó sitt í Kaupmannahöfn þar sem hann hefur verið búsettur síðastliðin átta ár. Milli eigin verkefna



Hrafnkell Birgisson vöruhönnuður starfrækir stúdíó Berlinord í Kaupmannahöfn. Ný lampalína, Tools you light, var frumsýnd í París á dögnum.

MYND/ALEXANDER HOLZKNECHT HRAFNKELSSON

fæst hann við kennslu, í Danmörku og í Þýskalandi. „Ég hef af og til kennt við Danmarks Designskole sem heitir í dag KADK, meðal annars vann ég nýlega með nemendum að hönnun á sjálfstýrðum leigubíl framtíðarinnar.

Einnig hef ég lengi verið í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík í tengslum við 2 ára diplómanám, Mótun, og verið með nem-

endum í vettvangsferðum í Þýskalandi. Þessar ferðir hafa byggt upp mikilsverð tengsl á milli skólans og fyrirtækja, t.d. koma reglulega sérfræðingar frá Þýskalandi að kenna við skólann og þá hafa verkefni nemenda farið í framleiðslu hjá m.a. postulínsrisanum KAHLA,“ segir Hrafnkell og segist vera farið að skjóta rötum í Danmörku þó það hafi ekki endilega staðið til.

„Það er ótrúlegt hvað tíminn líður hratt. Með árunum verður maður minna sveigjanlegur og „heim“ er orðið flókið hugtak. Mér finnst ég í raun eiga heima í þremur löndum, Íslandi, Danmörku og Þýskalandi. Maður reynir að fara reglulega í heimsóknir með börnin, bæði til Íslands og Þýskalands, en oft er ansi flókið að skipuleggja fríin,“ segir Hrafnkell.

STYRKUR TIL FREKARI PRÓUNAR

Tools You Light lampaskermarnir eru ekki það eina á könnu Hrafnkels þessar vikurnar en nýlega hlaut hann styrk úr Hönnunarsjóði til að fullþróa sólarlampa sem hann hannaði upprunalega með Aðalsteini Stefánssyni og Sesselju Guðmundsdóttur.

„Við erum í samvinnu við nýtt íslenskt vörumerki sem heitir Fólki um þróun og framleiðslu sem er virkilega spennandi en ekki tímaþætt enn að tala um framleiðsludag. Það eru tólf ár síðan við gerðum fyrstu frumgerð af lampanum og síðan þá hefur tækninni fleygt fram á öllum þeim sviðum sem lampinn byggir á, t.d. á sviði endurhlaðanlegra rafhlaða og ljósdíóða. Eins er stöðugt vaxandi umhverfisvitund í heiminum þannig að lampinn er að öllu leyti raunhæfari í dag. Við erum að leita að frekari stuðningi við verkefnið.“

Nánar má forvitnast um hönnun Hrafnkels á www.berlinord.com.

GRAFÍK, VEFUR OG MYNDVINNSLA

EIGIN VEFSÍÐUGERÐ
Hefst 3. október

GRAFÍSK HÖNNUN
Hefst 15. september

MYNDBANDAVINNSLA
Hefst 10. október

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

RABARBARAPÆ MEÐ RJÓMA

Haustin eru tími uppskeru og nú er gott að gæða sér á því gómsæti sem hægt er að gera sér úr því sem náttúran gefur. Dóra Lind Pálmarsdóttur gerir ljúffengt rabarbarapæ sem hún deilir hér uppskrift að.

Lilja Björk
Hauksdóttir
liljabjork@365.is



Dóru Lind Pálmarsdóttur bygg-ingatæknifræðingi og eiginmanni hennar, Mariusi Þór Haraldssyni, þykir gaman að bjóða fólki í mat og kaffi og eru þau því ósjaldan með matargesti. „Að hitta fólk og spjalla yfir góðum veitingum er yndislegt og það er líka góð leið til að kynna fólki enn betur,“ segir Dóra Lind.

Saman halda þau Maríus og Dóra Lind úti matarbloggssíðunni Sultur gerir sætan mat á Facebook en Dóra Lind segir söguna á bak við síðuna vera að þau hafi alltaf verið dugleg að prófa sig áfram í eldhúsinu ásamt því að bjóða fólki í mat. „Síðan vorum við svo oft spurð að uppskriftum að við ákváðum að stofna þetta matarblogg til að deila uppskriftum með þeim sem hafa áhuga á.“

Dóru Lind finnst sérstaklega gaman að baka og segir það vera sína hugleiðslu þar sem hún getur kúplað sig frá amstri dagsins og slakað á í huganum. „Og ekki skemmir svo fyrir að fá eitthvað gott og ilmandi með kaffinu eftir

baksturinn,“ segir hún og brosir. „Ég hef alltaf verið mikill sælkeri og kökukerling og hef haft áhuga á matargerð og bakstri frá því ég var ung. Ætli amma mín heitin eigi ekki stóran þátt í því þar sem það var alltaf gott að koma til hennar og borða og hún hafði mikla ánægju af því að gefa fólki í goggin. Oftast elda ég fyrir fjölskyldu, vini mína og vanda-menn. En mér finnst mjög gaman að baka köku eða gott brauð og bjóða samstarfsfólki upp á og þeir sem hafa unnið með mér þekka það vel.“

Skemmtilegast þykir Dóra Lind að baka eða elda upp úr því sem til er hverju sinni í eldhúsinu hennar og búa þannig til eigin uppskriftir. „Þær heppnast nú oftast en það kemur alveg fyrir að úr verði eitthvað misheppnað en þá lærir maður bara af því,“ segir hún og skellir upp úr.

Hjónin eru nýlega flutt í Stykkishólm á Snæfellsnesi og segja að þar sé alveg frábært að búa. „Við vorum að eignast okkar annað barn og ég ætla að njóta þess að elda og baka í komandi fæðingar-orlofi,“ segir Dóra Lind.

Nú þegar hausta fer getur



Dóra Lind og Marius eru áhugafólk um mat og halda úti matarblogginu Sultur gerir sætan mat. Hjónin eignuðust nýlega sitt annað barn og ætlar Dóra Lind að njóta þess að elda og baka í komandi fæðingarorlofi.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélag styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsöguáætlun, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnuönguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga
Bjarnadóttir,
Vestmannaeyjum

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

fólk notið góðs af rabarbarauppskerum sumarsins og því tilvalið að skella í rabarbarpæ sem Dóra Lind gefur hér uppskrift að. „Tengdamamma gaf mér einu sinni uppskrift að rabarbarapæi og þetta er mín útgáfa af henni. Ég breytti henni aðeins þar sem ekki var allt til í mínu eldhúsi sem átti að fara í hana. Það er gott að gæða sér á svona pæi með ís þegar haustmyrkrið læðist að manni.“

RABARBARAPÆ

- 350 g rabarbari (um það bil)
- 200 g smjör
- 1 bolli hveiti
- 1 bolli sykurl
- 2 egg
- 2 msk. kókosmjöl
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. vanillusukur

Purrefnum blandað saman, bræddu smjóri bætt út í ásamt eggjum og blandað. Eldfast mót botnfyllt rúmlega af niðurskornum rabarbara og deiginu hellt yfir. Bakað inni í ofni á 180°C í 30-35 mín.

Mjög gott með ís og/eda rjóma.



Rabarbarapæið sem Dóra Lind gerir er gírnilegt.

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351
Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433


Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

GEZE





LUNDUR
FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.
HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916



Karl Gunnarsson
lögg. fasteignasali
s. 898 2102



Kristján P. Arnarsson
lögg. fasteignasali
s. 896 1188



Unnur Karen
Karlsdóttir
s. 698 9056

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

www.lundur.is • lundur@lundur.is

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason Eigandi Sölufulltrúi 896 5221
Ingólfur Geir Gísurarson Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg. fasteignasali 896 5222
Heiðar Friðjónsson Söluhjálpari Löggiltur fasteignasali B.Sc. 693 3356
Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útbús Ólafsvík margret@valholl.is 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri 588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson Sölufulltrúi 893 4718
Kristján S. Bjarnason Löggiltur fasteignasali 611 4870
Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083
Herdís Valb. Lögræðingur 694 6166



www.valholl.is • www.nybyggingar.is

Heillandi íbúð í miðbænum

Þórunn Pálsdóttir lögg. fasteignasali kynnir Vesturgötu 3, íbúð 201. Afar heillandi 76,8 fm íbúð með sérinnangi í hjarta borgarinnar í einu elsta húsi Reykjavíkur, byggðu úr timbri árið 1841. Á neðri hæð er forstofa og herbergi, á efri hæð er samliggjandi stofa og borðstofa, gott hjónaherbergi og baðherbergi.

Gengið er inn um sérinnangar á austurgafli hússins. Komið er í dúkklagða rúmgóða forstofu þar sem á vinstri hönd er herbergi sem merkt er geymsla á teikningu, en er með stórum glugga og ofni þannig að það nýtist vel sem svefnherbergi. Gengið er upp tröppur með fallegu handriði í gömlum stíl og komið upp á bjarta efri hæð. Á vinstri hönd er eldhús og borðstofa en samliggjandi á hægri hönd er stofa. Fallegir gamlir timburbitar í lofti setja heillandi svip á rýmið, enda er íbúðin í einu elsta húsi borgarinnar.

Upphaflegar gólfplöjur á gólfum auka áhrifin enn frekar. Inn af stofu er mjög rúmgott hjónaher-



Til sölu er heillandi íbúð í þessu gamla, sjarmerandi húsi við Vesturgötu.

bergi (13,4 fm) og á móti því gott baðherbergi með léttu innréttingu og sturtuklefa. Íbúðin var innreittuð á tímabilinu 2003-2005 í einstaklega smekklegram gamaldags stíl sem hæfir húsinu vel. Að sögn eigenda voru þá endurnýjaðar rafagnir og settir nýir ofnar. Húsið var endurnýjað að utan fyrir um 20-25 árum.

Einstaklega heillandi og vel skipulögð íbúð með sérinnangi, frábærlega staðsett alveg við iðandi mannlíf og fjölbreytta veitingastaði og aðra þjónustu.



Verð 46,9 m. Opið hús verður þriðjudaginn 13. september milli kl. 17.30 og 18.00.

Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali, s: 773-6000, og thorunn@miklaborg.is



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Asdís Iréna Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook



Bverholt - Gott 200 fm. skrifstofuhúsnæði
Meðfylgjandi eru 2 sérmerkt bílastæði í bílahúsi og 2 útistæði sérmerkt. Húsnæðið er á 3. hæð í lyftuhúsi og frá því gott útsýni yfir borgina. Skipulagt sem sex skrifstofur, móttaka/biðstofa starfsmannaeldhús og salerni. **Upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali.**



Sóleyjarími - 3ja herb
100 fm, 3-4ra herbergja íbúð í lyftuhúsi. Íbúðin er á 2. hæð með suðursvölum og henni fylgir stæði í lokuðu bílskyl. Geymsla og þvottahús innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum og góðar innréttingar. **V 39,9 m. Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali**



Marteinslaug - Góð 4 herbergja íbúð
Vönduð 118fm 4ra herbergja á 2. hæð í lyftuhúsi og henni fylgir stæði í opnu bílskyl. Íbúðin er björt og vel skipulögð með stórum afgirtum sólpalli að sunnanverðu og miklu útsýni um eldhúsglugga að norðanverðu. Vandáðar innréttingar og gólfefni. **V. 42,4 m. Nánari upplýsingar veitir Jón M. Bergsson, 777-1215.**



Breiðavík 13 - Bílskúr, stórar svarir
3ja. herbergja 90,7 fm. íbúð með 21,3 fm. bílskúr samtals 112 fm. stórar suður svarir. Glæsileg eign á frábærum stað í Grafarvogi, stutt í alla þjónustu, verð 35.400 þús. nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur 617 5161, gab@heimili.is.



Fífusel - 5 herb. íbúð m/stæði í bílageymslu.
Góð 126,7fm íbúð í Seljahverfi á tveimur hæðum, 2 baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Sér stæði í bílageymslu fylgir. Barnvænt hverfi. Stutt í alla helstu þjónustu. **Verð 35,9M. Upplýsingar veitir Jón M. Bergsson, 777-1215.**




Veghús - 2ja herb
Góð björt 75 fm endaíbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd. Rúmgóð og vel skipulögð þvottahús og geymsla innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum. **Upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali**



Vöðgrund 23 - vel skipulagt einbýli. Opið hús.
Um 131 fm einbýli teiknað af Kjartani Sveinssyni. Í því eru fjögur svefnherbergi en geta verið fimm. Stór parketlögð suðurstofa með útgangi út á stóran sólpall. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Parket á gólfum. Eign í góðu ástandi. **Verð 57,0 millj. Opið hús í dag frá kl. 17:15- 17:45. Frekari uppl. veitir Finnbogi, 895-1098.**



Skúlagata - fyrir 60+
Falleg 3ja herbergja íbúð fyrir 60+. Heildarstærð er um 102 fm og er inni í því sérstæði í bílageymslu. Tvö rúmgóð herbergi og stofa með parketi. Þvottahús er innan íbúðar. Rúmgóðar svarir. Húsvörður í húsinu. Mikil sameign fylgir, m.a. hlutdeild í veislu, heilsurækt og húsvörðabúð. **Verð 41,9 millj. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**



Perlukór - Einstök eign
Vönduð 255 fm efri sérhæð og að auki 44 fm stæði í lokuðu bílskyl. Eignin er á tveimur hæðum með miklum svölum og frá þeim mikil útsýni. Ca 80 fm þaksvalir á efstu hæðinni. Eignin vandlega hönnuð, vel innreittuð og vel tækjum búin. Sjón er sögu ríkar! **Upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson 6993444**



Boðarþing 6 - glæsileg fyrir 55+.
Stórglæsileg um 145 fm 3ja herb. íbúð í vönduð lyftuhúsi fyrir 55+. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin er með stóru opinni stofu/eldhúsi og suðursvölum. Hjónaherbergi með fataherbergi og sérbaðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Vandáðar eikarinnréttingar og nýtt parket. Íbúðin er laus fljótlega. **Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elin D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

Klapparstígur 5 . Íbúð á efstu hæð - Þrennar svalir.



**OPIÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG**

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Stórglæsileg 147,3 fm. íbúð á 6. hæð, efstu, í góðu fjölbýlishúsi neðst við sjóinn með þrennum svölum og frábæru útsýni til vesturs, norðurs og austurs. Þetta er eina íbúðin á tveimur efstu hæðum hússins og fylgja tvö sér bílastæði í bílageymslu. Sérinnangangur og fordyri er úr lyftu, en lyftan gengur eingöngu upp á þessa hæð fyrir íbúðina. Sérsmíðaður stálstigi með viðarþrepum er á milli hæða innan íbúðarinnar. Granit er í gluggakistum. Íbúðin er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta og er björt og vel skipulögð. Rúmgóðar svalir til austurs og vesturs og minni svalir til norðurs.

Verð 79,9 millj.

Heiðargerði 11. Endaraðhús.



**OPIÐ HÚS
MIÐVIKUDAG**

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsilegt nýuppgerið 145,7 fm. endaraðhús á þessum vinsæla og eftirsóttu stað í smábúðarhverfinu. Eignin er stærri en uppgefið heildarflatar-mál eignar þar sem byggt hefur verið við stofuna til vesturs. Möguleiki að nýta bílskúr, sem er endurnýjaður og sérstæður, sem íbúð. Búð er að endurstaina húsið, endurnýja rafmagn o.fl.

Stór endalóð sem er nýlega tyrfd.

Verð 59,5 millj.

Hnoðravellir – Hafnarfirði. Raðhús.



Einstaklega vel skipulagt og vandað 202,0 fm. staðsteypt raðhús á einni hæð með innbyggðum 33,9 fm. bílskúr. Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta hússins. Gólfstjór gluggar í stórum hluta húss og gert er ráð fyrir extra háum innihurðum. Gólfhitakerfi er í öllu húsinu og 3 baðherbergi. **Húsið skilast fullfrágengið** að utan með fullfrágenginni lóð og að innan skilast húsið málað og tilbúið undir innréttingar.

Verð 57,9 millj.

Laxatunga – Mosfellsbæ



Vandað 259,8 fm. endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 47,1 fm. bílskúr á falletum útsýnisstað í Mosfellsbæ.

Eignin er fullfrágengin að innan og utan og er innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins og 5 svefnherbergi eru í húsinu. Úr eldhúsi er útgengi á stórar hellulagðar svalir til vesturs með útsýni að Helgafellinu, Esjunni og yfir sjóinn að borginni. Úr stofu er útgengi á svalir til norðurs.

Laust til afhendingar fljótlega.

Verð 64,9 millj.

Breiðavík.



Fallett 226,5 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 41,1 fm. bílskúr. Húsið stendur í fremstu húsaröð við botnlangagötu með óhindruðu útsýni. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar úr rauðu eðalbeyki. Hellulögð aðkeyrsla. Þrjú sólpallar. Stór viðarpallur mót suðri með skjólveggjum, hinir tveir með steinstéttum í góðu skjóli.

Afar rólegt umhverfi með golfvöllinn við Korpúlfsstaði í sjónmáli. Stutt í margs konar þjónustu, skóla, Spöngina og Egilshöll. Fallegar göngu- og hjólréiðaleiðir meðfram ströndinni.

Verð 84,9 millj.

Grenibýggð – Mosfellsbær



Glæsilegt og vel byggt 221,0 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr (45,3 fm) á einstökum stað við skógarjaðar í Mosfellsbæ.

Einstaklega glæsileg lóð með falletum gróðri og stór suður viðarverönd með heitum potti. Gegnheit olíuborði eikarparket og flísar á gólfum.

Aukin lofthæð er í holi og stofum með innfeldri lýsingu.

Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt.

Verð 89,5 millj.

Bæjarflöt 1-3. Heil húseign.



Glæsilegt 1.932,1 fermetra verslunar-, skrifstofu og lagerhúsnæði á tveimur hæðum. Eignin er í góðu ásigkomulagi að innan og utan. Lagerrýmið er með fjórum innkeyrsludryrum og með allt að 11,0 metra lofthæð. Húsið er stálgrindarhús, klætt með yleiningum og báruáli. Lóðin er fullfrágengin og malbikuð með góðri aðkomu athafnasvæði og bílastæðum.

Eignin er nánast öll í útleigu til eins trausts leigutaka. Lausir eru tæplega 400 fermetrar á tveimur hæðum í austurenda eignarinnar.

Bæjarflöt 4. Heil húseign.



Mjög gott 1.201,2 fermetra iðnaðarhúsnæði á einni hæð auk um 200,0 fermetra milli lofta með fullri lofthæð í austurenda hússins og mögulegs 840,0 fermetra viðbótarbyggingarréttar á lóðinni. Eignin er í góðu ástandi að innan og utan. Húsið er límréshús, byggt árið 1999, klætt með yleiningum. Lóðin er fullfrágengin og malbikuð með góðri aðkomu og fjölda bílastæða.

Eignin er öll í útleigu til tveggja trausta leigutaka.

LANGALÍNA 20 - 26, SJÁLANDI GARÐABÆ.

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða áklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnas og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



LUNDUR 17 - 23, KÓPAVOGI.

NÝ OG GLÆSILEG FJÖLBÝLISHÚS.

Mjög vandaðar og glæsilegar íbúðir í nýjum fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Parka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flísar. Íbúðir í Lundi 17-23 verða afhentar á tímabilinu jan-júní 2016. Innréttingar eru sérsmíðaðar, en óski kaupandi eftir breytingunum þurfa slíkar óskir að koma fram tímanlega.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.

OPÍÐ HÚS
Í DAG

STAFNASEL 1



Stafnaseil 1. Vel staðsett einbýlishús.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega fallegt og mikið endurnýjað 254,4 fm. einbýlishús á 750,0 fm. glæsilegri lóð við Stafnaseil. Mögulegt er að gera auka íbúð í bílskúr, sem er 69,4 fm. að stærð. Einnig er hægt að hafa 5 svefnherbergi í húsinu. Nýlegar og vandaðar innréttingar og tæki eru í eldhúsi. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og gólfefni að stærstum hluta.

Eignin er virkilega vel staðsett á fallegum og skjólsælum útsýnisstað. Örstutt frá Ölduselsskóla, tveimur leikskólum, ÍR-svæðinu og nokkurra mínútna gang í Salalaug í Kópavogi. Verið velkomin.

Verð 79,9 millj.

OPÍÐ HÚS
Í DAG

HAGAMELUR 43



Hagamelur 43. 3ja – 4ra herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Afar falleg 75,1 fm. íbúð á 4. hæð auk 2ja 15 fm. herbergja á 5. hæð (risi) og sér geymslu í kjallara, samtals um 111,1 fm. Þá fylgja einnig tvær rúmgóðar geymslur á 5. hæð undir súð. Íbúðin og herbergin á 5. hæð eru með frábæru sjávar- og fjallaút-sýni. Endurnýjað baðherbergi. Fallegt eldhús, endurnýjað að hluta. Stofa með rennihurðum í frönskum stíl og listum í loftum. Útgengi er á skjólgóðar suðaustur svalir. Um er að ræða eign á eftirsóttum stað í vesturbæ Reykjavíkur.

Verið velkomin

Verð 44,9 millj.

4RA HERBERGJA



RJÚPNASALIR 10 - KÓPAVOGI. ÍBÚÐ Á 3. HÆÐ

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgeymslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér staði í bílageymslu. Verið velkomin.

39,9 millj.

4RA HERBERGJA



MÁVAHLÍÐ. NEDRI SÉRHÆÐ.

Glæsileg 109,3 fm. neðri sérhæð auk 29,3 fm. bílskúrs á þessum eftirsóttu stað í Hlíðunum. Eignin er mikið endurnýjuð m.a. eldhús og baðherbergi, gólfefni og rafmagnslagnir. Hæðin skiptist í forstofu, hol, 3 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og stofu (auðvelt er að vera með tveir samliggjandi stofur á kostnað svefnherbergis). Suðursvalir eru út frá stofu. Mjög gott skipulag og falleg gluggasetning.

54,9 millj.

2JA HERBERGJA



HRAUNBRAUT 12 - KÓPAVOGI. SÉRINNGANGUR.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 48,6 fm. íbúð á jarðhæð í fjórþyli með sérinngangi. Íbúðin er snyrtileg með nýlegum gólfefnum. Tengir fyrir þvottavél í íbúð. Stutt er í alla verslun og þjónustu, bæði við Nýbýlaveg og Hamraborg, samgöngur, leikskóla, skóla og sundlaug. Á rólegum stað miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Verið velkomin.

22,9 millj.

4RA HERBERGJA



MIÐLEITI 5. ENDAÍBÚÐ- LAUS STRAX.

Vel skipulögð 121,8 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir á 2. hæð í fjölbýlishúsi fyrir eldri borgara. Samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Stórar svalir til vesturs eru yfirbyggðar að stórum hluta. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu og aðgengi er að sameiginlegum leikfísal á 5. hæð. Húsvörður.

54,5 millj.

3JA HERBERGJA



RÁNARGATA.

Góð 90,1 fm. íbúð á 2. hæð með stórum svölum til suðurs í steinsteypu þríbýlishúsi. Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir og því mjög björt. Lofthæð í íbúð er um 2,75 metrar. Svalir útaf stofum til suðurs eru um 15 fm. að stærð og markisa er yfir hluta þeirra. Af svölum er stigi niður á sameiginlega lóð. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við miðborgina.

44,9 millj.

2JA HERBERGJA



VATNSSTÍGUR 16-18. GLÆSILEG ÍBÚÐ.

Glæsileg 112,5 fm. íbúð með vestursvölum á 1. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi. Sér bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stórir gólfisíðir gluggar til vesturs í stofu og svefnherbergi. Svalir eru með tré-fjölum og svalalokun.

54,9 millj.

4RA HERBERGJA



GARÐATORG 7 - GBÆ. ENDAÍBÚÐ. LAUS STRAX.

Mjög góð 135,6 fm. íbúð á 2. hæð auk 2,6 fm. geymslu á 1. hæð í mjög góðu og vel staðsettu lyftuhúsi við Garðatorg. Bílastæði í bílajakjallara fylgir íbúðinni. Rúmgóð setu- og borðstofa. Opíð eldhús með glæsilegum innréttingum úr kirsuberja-víði. Suðursvalir með útsýni að Reykjanesi. Virkilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar þaðan sem mjög stutt er í alla þjónustu.

49,9 millj.



GRANDAVEGUR 47 – 60 ÁRA OG ELDRÍ.

Mjög góð 86,6 fm. útsýnisíbúð á 2. hæð auk 7,5 fm. yfirbyggðra svala og 7,7 fm. sérgeymslu í kjallara. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu. Samliggjandi stofur með útsýni til sjávar. Tvö herbergi. Eignin var endurnýjuð að stórum hluta að innan af arkitekt fyrir um 10 árum síðan Húsvörður er í húsinu. Á efstu hæð hússins er sameiginlegur matsalur.

42,7 millj.

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá

Skoðum og verðmetum samdægurs



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, löggfræðingur, lögg. fasteignasali
Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri
Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali
Geir Sigurðsson, viðskiptafræðingur, lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali
Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali
Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.
Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali
G. Andri Guðlaugsson, löggfræðingur, lögg. fasteignasali
Gunnar Jóhann Gunnarsson, hdl., löggiltur fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elin Þorleifsdóttir, ritari
Asís H. Júlíusdóttir, ritari
Anna M. Sigurðardóttir, ritari

HAUKANES 6, 210 GARÐABÆ




Einstaklega vandað og vel skipulagt samtals 385 fm einbýlishús með glæsilegu útsýni. Húsið stendur á sjávarlóð sem er eignarlóð. Húsið hefur verið mikið yfirfarið og endurnýjað m.a. þak á húsi og bílskúr og fl. Vandaðar innréttingar. Stór stofa og borðstofurými við útsýnisglugga og rúmgöðu fjölskyldueldhúsi. Föndur/leikherbergi á neðri hæðinni ásamt þremur herbergjum og rúmgöðu hjónaherbergi. Endurnýjuð vönduð baðherbergi. Mjög fallegur garður með gróðri og skjólgöðum veröndum. Góður 43,4 fm bílskúr er framan við húsið og er góð aðkoma að húsinu og talsvert af bílastæðum.

VATNSSTÍGUR - ÚTSÝNISÍBÚÐ



Glæsileg samtals 151,6 fm íbúð á 1. hæð við Vatnsstíg 21 í Skuggahverfinu. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, tvö herbergi, sjónvarpshol, baðherbergi og snyrtingu. Tvær geymslur fylgja íbúðinni. Auk þess fylgir merkt stæði í bílageymslu. Svalir með svalalokun. Íbúðin hefur verið innréttuð á vandaðan hátt. Glæsilegt útsýni m.a. sjávar- og fjallasýn. **Verð 79,5 millj. Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir fast.sali í s: 861 8511, magnea@eignamidlun.is Opið hús þriðjudaginn 13. sept. n.k. milli 12:15 og 12:45 (íbúð merkt 01-02).**

MELHAGI 5, 107 REYKJAVÍK



Einstaklega vel staðsett og skipulögð 7 herbergja (5 svefnherbergi) íbúð á 2. hæð ásamt risi við Melaga í 107 Reykjavík. Fristandandi bílskúr fylgir. Möguleiki á íbúð í risi. Eignin er skráð samtals 234,6 fm, íbúðarrými 211 fm og bílskúr 23,6 fm. Eignin er í skemmtilegu umhverfi í vesturbæ Reykjavíkur, stutt er í þjónustu og skóla s.s. leikskóla, Mela- og Hagaskóla, Háskóla Íslands, Melabúðina, Kaffi Vest, Sundlaug vesturbæjar. Íbúðin er í göngufæri við miðbæinn. **Verð 82,0 millj. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 14. sept. n.k. milli 17:00 og 17:30.**

**GARÐASTRÆTI 44
101 REYKJAVÍK**



Garðastræti 44, glæsileg efri sérhæð og ris ásamt bílskúr, samtals 234,7 fm. Húsið er sérlega fallegt fúnkishús sem var teiknað af Sigmundi Halldórssyni arkitekt árið 1941. Húsið hefur nýlega verið mürnivígert og endursteinað og lóð endurgerð. Á hæðinni skiptist eignin í hol, eldhús, þrjár stofur, hjónaherbergi og bað. Rísið er nýtt sem þrjú herbergi og baðherbergi. Íbúðin er laus nú þegar. **V. 94,9 m.**

**ÁRVELLIR 2
KJALARNESI**



Einbýlishús byggt úr timbri og er á tveimur hæðum skráðir 210,1 fm. Húsið stendur ofan við vesturlandsveginn nær Esjurótum og er aðkoma fyrir Árvelli og Árvelli 2 um sama afleggjara. 5 svefnherb. og tvö baðherb. Glæsilegt útsýni. Skjólgríðingar og timburverönd. Húsið er til afhendingar við kaupsamning. **V.40,9 milljónir. Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson í s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is Opið hús mánudaginn 12. sept. n.k. milli 17:15 og 17:45.**

**ORRAHÓLAR 7
109 REYKJAVÍK**



Falleg 72,2 fm íbúð á 3.hæð í vinsælu lyftuhúsi ásamt bílastæði í bílageymslu. Stórar svalir með svalalokun. Húsvörður, snyrtileg sameign og gott húsfélag. **Opið hús mánudaginn 12. september n.k. milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 27,3 m.**

**VEGHÚS 31
112 REYKJAVÍK**



Mjög rúmgöð og falleg 114,2 fm 4-5 herbergja íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi við Veghús í Garfarvogi. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu og þrjú rúmgöð herbergi. Þvottahús og geymsla inn í íbúðar. Úr stofu er gengið út á verönd með skjólvegg. Íbúðin er laus fljótlega. **Íbúðin verður til sýnis sunnudaginn 11. sept. n.k. milli 13:00 og 13:30 (íbúð merkt 00 01). V. 35,9 m.**

**EFSTASUND 100
104 REYKJAVÍK**



Falleg 41,8 fm 2ja herb. íbúð í risi í litlu fjölbýlishúsi við Efstasund. Íbúðin hefur verið endurnýjuð að einhverju leyti. Fallegt útsýni. Stór lóð. **Opið hús sunnudaginn 11. sept. n.k. milli 14:00 og 14:30 (íbúð merkt 03-02). V. 22,0 m.**

**MÁNABRAUT 5
200 KÓPAVOGUR**



Frábærlega vel staðsett og vel skipulagt 158,1 fm einbýlishús með bílskúr. Húsið er að mestu á einni hæð með 5 svefnherbergjum, rúmgöðu stofurými, baðherb. og gestasnyrtingu ásamt því að bílskúrin hefur verið nýttur sem sjónvarps/fjölskylduherbergi. Arinn í stofu. Góð timburverönd í suður og góður ræktaður garður. Heitur pottur á verönd. Röleg og góð íbúðargata. **Opið hús þriðjudaginn 13. sept. n.k. milli 17:15 og 17:45. V. 63,5 m.**

**SEILUGRANDI 3
107 REYKJAVÍK**



FVorum að fá í sölu fallega 52 fm íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í Vesturbænum. Suðursvalir eru útaf stofu. Bílastæði í bílageymslu tilheyrir íbúðinni. Íbúðin er í útleigu. **Opið hús þriðjudaginn 13. sept. n.k. milli 17:15 og 17:45. 28,5 m.**

**GNÓÐARVOGUR 28
104 REYKJAVÍK**



Falleg 75,2 fm 3ja herb. íbúð á góðum stað í Reykjavík. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Svalir eru útaf stofu. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. **Opið hús þriðjudaginn 13. sept. n.k. milli 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 01-01). V. 29,5 m.**

**FLYÐRUGRANDI 2
107 REYKJAVÍK**



Falleg 80,5 fm 2-3ja herbergja íbúð á 2. hæð (1. hæð frá inngangi). í fjölbýlishúsi við Flyðrugranda í Vesturbænum. Íbúðin skiptist m.a. í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi og tvö herbergi (annað þeirra er teiknað sem geymsla og án glugga). Geymsla er einnig í kjallara. Mjög rúmgöðar svalir eru útaf stofu. **Opið hús mánudaginn 12. sept. n.k. milli kl. 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 02-02). V. 33,9 m.**

**Einbýlishúsaloð í
Garðabæ.**

Höfum fengið í sölu fallega einbýlishúsaloð í Garðabæ.

Útsýni í sérflokki.

Má reisa allt að 350 fm hús á tveimur hæðum. Gatnagerð greidd fyrir 240 fm.

Verð 31 milljón.

Nánari uppl. veitir: Hilmar Þór Hafsteinsson lg. fasteignasali



BAUGANES 16, 101 REYKJAVÍK



Glæsilegt nýlegt 238,4 fm einbýlishús á pöllum við Bauganes í Skerjafirði. Við hönnun hússins var lögð áhersla á að skapa stórt og bjart fjölskyldurými sem nýtur lofthæðar og birtu úr öllum áttum ásamt því að vera með góða tengingu við garð og umhverfi. Lóðin snýr til suðurs og er með opnu svæði handan garðsins í landi borgarinnar. Úr stofu er viðáttumikið útsýni og birtuflæði í húsinu er einstakt. Húsið skiptist m.a. í forstofu, stofu, eldhús, borðstofu, 4-5 herbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Í húsinu er mikið af föstum innréttingum sem eru sérsmíðaðar úr hlyni en sprautulakkaðar á böðum og í anddyri.

SÓLEYJARGATA




Vorum að fá í sölu 330,5 fm einbýlishús með bílskúr við Sóleyjargötu. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara. Á aðalhæð hússins eru m.a. stofur, borðstofa, sólstofa og eldhús. Á efri hæð hússins eru 3-4 herbergi, baðherbergi og snyrting. Stórar svalir eru útaf efri hæðinni. Í kjallara eru herbergi, geymslur og þvottahús. Sér inngangur er í kjallarann einnig innangengt. Fallegt útsýni er úr húsinu. Einstök staðsetning við miðbæ Reykjavíkur. Tilboð óskast. Nánari upplýsingar veitir Magnea S. Sverrisdóttir fasteignasali í síma 861 8511, magnea@eignamidlun.is

LÁGHOLTSVEGUR 9, 107 REYKJAVÍK



OPÍÐ
HÚS



Raufapanill er fánlegur í hvítum plötum í stærðinni 120 x 240 og 240 x 120 cm. Einnig fánlegur, tilbúinn fyrir sprautun.

Smellulistar:

Snap-in smellulista er auðvelt að skipta um og fánlegir í mörgum litum.

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Gott verð

Sjáðu heimasiðuna
www.verslun.is


Pöntunarsími: 535 1300

Tilboðið gildir í 30 daga frá birtingu auglýsingar

TAKTIK/3874/24.08.12

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Mánudagur



Allhvöss eða hvöss norðanátt á morgun. Talsverð rigning norðan og austan til, en mikil rigning á Austfjörðum fram eftir morgni. Suðvestan- og vestanlands verður aftur á móti úrkomulítið. Hiti 6 til 14 stig, hlýjast sunnan til á landinu.

Þriðjudagur

Reykjavík 10° ↘6	Ísafjörður 8° →11	Akureyri 6° →12
Egilsstaðir 9° ↗12	Kirkjubæjarkl. 11° ↘9	Hveravellir 5° →13

Miðvikudagur

Reykjavík 11° ↖12	Ísafjörður 9° ↑9	Akureyri 11° ↑4
Egilsstaðir 12° ↖5	Kirkjubæjarkl. 11° ←7	Hveravellir 7° ↑10

Prautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. fangi
6. strit
8. atvikast
9. bein
11. í röð
12. hólf
14. hroki
16. tímaeining
17. arinn
18. grús
20. frá
21. fugl

LÓDRÉTT

1. merki
3. klaki
4. hjara
5. lærir
7. aðdragandi
10. fjór
13. framkoma
15. illmenni
16. tunnu
19. tveir eins

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. gísli, 6. at, 8. ske, 9. ríf, 11. rs, 12. kfeff, 14. diamb, 16. at, 17. stó, 18. mói, 20. at, 21. ugða.
LÓDRÉTT: 1. mark, 3. is, 4. skrímta, 5. les, 7. tíldrög, 10. fer, 13. fas, 15. bófi, 16. ámu, 19. ll.

Skák Gunnar Björnsson

Guðmundur Kjartansson (2.442) átti leik gegn Portúgalanum Andre Sousa (2.379) Ólympíuskákmótinu í Bakú í gær.

Hvítur á leik

32. Hxd7! Hxd7 33. Bxg4 hxg4 34. Dxd4 Dg7 (34...Hg7 35. Bh6) 35. De6+ Kh7 36. Dh3+ Kg8 37. De6+ Kh7 38. Dh3+ Kg8 39. Rf3! He7 40. Rh4 og hvítur vann skömmu síðar.

www.skak.is Tíunda umferð hefst kl. 11.



Sudoku

LÉTT

1				5			6
		5	9	6			
8	3			2		5	
3	7	1		5			
4			2	9		6	
		6	3	8			
		4	2	6	7	8	
	3	7			5	1	
							2

MIDLUNGS

				4	6	9	3	
6	8			5				4
			1			5		
7	2		6			4		
5	6	8	9			1		
				1	2		8	
4				5				1
8	7				6			
			4	9			7	

ÞUNG

		7					1		8
5	8						9		1
		2	3						
4	5								
									1
			3	9	7	2			
	3	6		2				9	
	9			4		3			
		8							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

2	4	9	6	7	1	5	8	3
3	7	5	8	9	2	6	1	4
8	1	6	3	4	5	9	7	2
5	3	4	7	1	6	8	2	9
9	6	7	2	3	8	1	4	5
1	8	2	4	5	9	3	6	7
4	2	1	5	8	3	7	9	6
6	9	3	1	2	7	4	5	8
7	5	8	9	6	4	2	3	1
3	2	5	7	6	1	8	9	4
4	6	7	8	9	3	2	5	1
9	1	8	5	2	4	7	6	3
1	9	2	6	3	7	5	4	8
5	3	6	9	4	8	1	2	7
7	8	4	2	1	5	9	3	6
6	4	9	1	7	2	3	8	5
8	7	3	4	5	9	6	1	2
2	5	1	3	8	6	4	7	9
4	8	7	2	5	9	6	3	1
5	9	1	4	6	3	7	2	8
2	6	3	7	8	1	4	5	9
3	2	9	5	7	4	8	1	6
7	4	5	6	1	8	2	9	3
8	1	6	3	9	2	5	4	7
6	3	8	9	2	5	1	7	4
9	7	2	1	4	6	3	8	5
1	5	4	8	3	7	9	6	2

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



Hafðu smá
😊 👩 ✨ 💖 **í dag**

ellen
Mánudaga – fimmtudaga kl. 17:40

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

GLAMOUR

september 2016

16 hlutir sem bara *besta vinkona*
þín myndi segja þér um
**medgöngu og
fæðingar**

50

BLADSÍÐUR
*þar sem hausttískan
er kortlögð fyrir þig!
Beint af pöllumum í
fataskápin.*

af hverju
er **TÚR
TABÚ?**

*Glamour opnar umræðuna
um túr, tíðablöð og alla
fylgifiska þess mánaðarlega.*

Bestu
**SNYRTI
VÖRURNAR**
þínar!

Bella HADID

EIN VINSÆLASTA FYRIRSÆTA ÁRSINS
um tískuheiminn, ástina og lífið í sviðsljósinu.



Þvermóðskufullt svar við stríðni íslenskunnar

Olga Holownia kom til Íslands árið 1999 í íslenskunám. Í vor ritstýrði hún og var í hópi þýðenda ljóðasafnsins Neyðar-útgangur, eftir skáldkonuna Ewu Lipska.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Tilurð bóka getur verið athyglisverð og þá ekki síst góðra bóka. Í vor kom út í Reykjavík ljóðabókin Neyðar-útgangur sem hefur að geyma safn ljóða eftir pólsku skáldkonuna Ewu Lipska í ritstjórn Olgu Holownia. Ewa Lipska er á meðal virtustu samtímaskálda Póllands og Evrópu og því er hér á ferðinni mikill fengur fyrir íslenska ljóðaunnendur sem undirstrikar enn og aftur mikilvægi vandaðra þýðinga fyrir smáan er ljóðelskan málheim.

Olga Holownia er í senn ritstjóri og á meðal þýðenda ljóðasafnsins sem spannar úrval verka frá 1967 til 2015 en

Olga kom fyrst hingað til lands árið 1999 til þess að læra íslensku. „Ég lenti í Keflavík haustið 1999 og nokkrum dögum seinna í íslenskunámi. Ég var ringluð eftir báðar þessar lendingar, en eins fegin og spennit og ég er alltaf að lenda í Keflavík hefur samband okkar íslenskunnar verið frekar margslungið. Ég hætti í námi og svo tók ég það upp aftur. Gerði það nokkrum sinnum. Það voru kennarar sem hvöttu mig til að halda áfram í íslensku og öðrum fögum. Dagný Kristjánsdóttir og Terry Gunnell sáu um BA-verkefni sem var á mörkum bókmennta og þjóðfræði. Svo skrifaði ég doktorsritgerð um ljóðlist undir handleiðslu Dagnýjar.

Ég var fjárhundur En Ewu-bókin var einfaldlega beint framhald af þýðingum vegna þátttöku Ewu í Bókmenntahátíð í Reykjavík haustið 2013. Skáldin Óskar Árni Óskarsson, Bragi Ólafsson, Magnús Sigurðsson og ég þýddum þau ljóð hennar sem hún las upp á pólsku á hátíðinni. Nokkur þeirra birtust líka á götum og strætisvögnum í Reykjavík á vegum Lestrarháttíðar sem Bókmenntaborgin skipuleggur árlega. Aðalsteinn Ásberg fékk áhuga á að gefa út stærra ljóðaúrval og samþykkti, sem betur fer, að við yrðum fimm þýðendur en ekki einn eins og algengast er. Áslaug Agnaradóttir, frabær þýðandi úr rússnesku, bættist í samvinnuhópinn, sem var tilvalið því að þannig fengum við enn eina nálgunina á Ewu-ljóðin.

Þýðendurnir völdu sér ljóð sem höfðuðu til þeirra og það tryggði

bókinni fjölbreytileika. Annars hefði þetta orðið afar einhliða og eintóna úrval. Ég passaði upp á að ljóðin væru úr öllum ljóðabókum Ewu og þýddi aðallega það sem ekki var til í öðrum þýðingum. Sem ritstjóri var ég sem sagt ekki forystukind heldur fjárhundur sem reyndi að smala ljóðum í Excel-skjalið og þýðendum á fundi. Vinnufundur okkar, líka með Aðalsteini, gögnuðust bókinni, og ekki síst mér. Ein af ástæðum þess að ég ákvað að takast á við þetta verkefni var sú að við gátum unnið það saman.

Hópur skurðlækna

Góður félagsskapur finnst mér það mest skapandi við þýðingavinnu, sem er annars mjög einmanalegt starf, og ég hefði aldrei treyst mér til að standa ein fyrir bókinni.

Ég viðurkenni að það var beinlínis hrokafullt af mér að þýða ljóð yfir á tungumál sem er ekki mitt móðurmál, en jafnframt var mjög freistandi að ögra íslenskunni með ein-kennilegum myndum Ewu. Íslensku þýðendurnir og guðmódir þessa ljóðaúrvals, Hildur Finnsdóttir, gengu úr skugga um að ögrunin færi ekki alveg úr böndunum og að myndhverfingar í eignarfalli væru nokkurn veginn innan marka.

Í ljóðinu þýðendur mínir segir Ewa að þýðendur séu eins og skurðlæknar. Þetta er ansi sterk mynd. Ábyrgðin strax þyngri. Ég bjóst aldrei við að ég myndi þýða ljóð hennar yfir á annað mál, og allra síst þegar ég las þau sem unglíngur. Sennilega skildi ég ekki baun í ljóðlist hennar þá; sem var kannski aðaladráttarafið. En það hvernig hún notaði tungumálið, öðruvísi en allir aðrir, var svo spennandi. Ljóðin hennar hafa alltaf borið mjög sterk höfundareinkenni og hún er mikill einfari í myndmálinu. Sumir Íslendingar sem hafa lesið þýðingarnar hafa sagt að jafnvel þótt þeir skilji ekki alltaf orðin, skynji maður einhvern veginn hvað hún eigi við. Það má alveg segja að ég hafi farið að skilja ljóð Ewu upp á nýtt í gegnum íslenskuna – og það að geta hitt hana og sent henni spurningar var að sjálf-sögðu ómetanlegt. Hún er ótrúlega skörp og næm kona sem hefur kennt mér mjög mikið í gegnum tíðina.“

Athyglisbrestur og heilarækt

Aðspurð hvað það sé sem dregur hana að ljóðlistinni þá er svar Olgu stutt og einfalt: „Athyglisbrestur. Ég



Olga Holownia segir að það sé ekki síst athyglisbrestur sem dragi hana að ljóðinu, þar sem hið knappa form henti henni vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HEIMILISLAUST LJÓÐ

Heimilislaust ljóð er á rölti yfir huldufni síðunnar. Enginn á það. Höfundurinn gaf það á vald örlaganna. Munaðarleysingi orðanna.

Stundum eru ljóð eins og flækingshundar sem gelta að ljóðlistinni.

Úr ljóðabókinni Fingrafaralesari, eftir Ewu Lipska, frá 2015 Íslensk þýðing Olga Holownia

ræð betur við stutt form, ekki bara á pólsku. Ég byrjaði að læra íslensku í gegnum enskar og þýskar þýðingar á íslenskum ljóðum, sem getur verið misheppnuð aðferð. Maður lærir ekki að ganga í góðum gönguskóm heldur „á vindléttum fótum“ Jónasar o.s.frv. En á meðan maður getur lært málfræði af kennslubókum, er ljóðlistin nauðsynleg til að nema blæbrigði. Ég lít einfaldlega á ljóðabýðingar sem heilarækt. Prósaþýðingar krefjast reglusemi og yfirlegu. Maður

þarf að klára ákveðinn blaðsíðu-fjölda á hverjum degi en það er hægt að taka ljóð með sér út í göngutúr til að leita að góðum lausnum. Það tekur víst tíma en öðruvísi tíma. Og ljóðaútgefendur eru kannski þolinmóðari.“

Þrjóska og áskorun

Pólska samfélagið á Íslandi hefur vaxið ört á undanförunum áratugum og mikilvægi þýðinga því jafnvel enn meira en ella. En Olga

EN ÞAÐ HVERNIG HÚN NOTADI TUNGUMÁLID, ÖÐRUVÍSI EN ALLIR AÐRIR, VAR SVO SPENNANDI. LJÓÐIN HENNAR HAFU ALLTAF BORIÐ MJÖG STERK HÖFUNDAREINKENNI OG HÚN ER MIKILL EINFARI Í MYNDMÁLINU.

segir að hún geti ekki hælt sér af því að vera að sinna einhverri meðvitaðri menningarstarfsemi með því að þýða pólskar bókmenntir. „Það væri ekki alveg sannleikanum samkvæmt. Geirlaugur Magnússon og Bráundur Thoroddsen voru brautryðjendur á því sviði og enginn getur farið í sporin þeirra. Það er svo hlutverk tvítyngdu kynslóðanna að taka við og þýða, og ekki bara kanónuna heldur allt sem þeim finnst róttækt og krefjandi. Tyrfin ljóð, tilraunaskáldsögur og ekki síst leikrit.

Mig dreymir um að þýða pólsk framúrsteftuljóð en það mun ekki gerast næstu 33 árin. Í mínum huga tengist þýðingarstarfið því sem ég nefndi hér á undan. Mér hefur alltaf fundist að íslenskan væri að stríða mér, og það að fara að fást við þýðingar var kannski þvermóðskufullt svar við því. Allavega var það engin markviss stefna, og eiginlega alveg rakalaus bíræfni, að fara að þýða yfir á íslensku; að ég tali nú ekki um ljóð. En þetta var áskorun og hún, eða bara þrjóska, eiga oft bág með að fallast á rök. Svo hef ég einfaldlega gaman af „orðagræðslu“.“

Adobe Creative Cloud - Svo miklu meira!



Adobe námstefna, Grand Hótel Reykjavík,
föstudaginn 16. og laugardaginn 17. september

Allir fyrirlestrar fara fram á ensku. Lýsing á efnistöfum er því ekki þýdd hér.

Dagskrá:

Prent- og rafræn útgáfa

Ljósmyndun

Vídeóvinnsla

Vefhönnun

Föstudaginn 16. september


09:00-12:00	InDesign , hjartað í útgáfu - fyrri hluti <ul style="list-style-type: none">We are more creative away from a computer.Getting your assets right / Planning your ideasImport - where are my files?How to build everything and anything easily!(Print brochures / Magazines / Interactive documents / and lots more)	Möskun og retus á ljósmyndum <ul style="list-style-type: none">Removing unwanted things from your photoClone Stamp - Content Aware Fill - CA Move - Spot HealingBasic portrait retouchingAdjusting Colour in Lightroom, Adobe Camera Raw and Photoshop	Ná tökum á Creative Cloud fyrir vídeóvinnslu <ul style="list-style-type: none">Complete overview of video workflow in Adobe Creative CloudPancaking the Premiere Pro timelineHow to review media fastImportant new features in the latest 2 updates of Premiere ProSharing Premiere Pro projectsCustomising the Premiere Pro timelineIntroducing Adobe Capture for Video workflows	Kynning á Adobe Muse / Undirbúningur hönnunar <ul style="list-style-type: none">What is MuseInterfaceToolsPlaning a websiteMaster pagesConcepts - layer structure - header - footer and more
13:30-16:30	InDesign , hjartað í útgáfu - seinni hluti <ul style="list-style-type: none">Building Documents - Digital Publishing made easyFixed layout and Reflowing EpubsInteractive PDF Files / Print MaterialWorking smarter and faster to build documentsXML Workflows to automate productionPreFlight techniques needed to ensure everything works as needed	Hvernig þráðlaus tæki eru að verða nýja skjáborðið <ul style="list-style-type: none">LibrariesAdobe CaptureLightroom MobilePhotoshop FixPhotoshop MixHow they can become a part of the photographer's workflow	Dýpri skilningur á samhengi milli vídeó og effekta <ul style="list-style-type: none">Understanding the Premiere Pro & After Effects relationship in more detailManaging media with Adobe PreludeIncorporating Photoshop into your graphics workflow - some wise geek tips.After Effects Text Templates in Premiere ProSpeed trimming with JKLVisual finishing with the Premiere Pro Lumetri PanelA deeper dive into audio clean up in Adobe AuditionAdvanced export workflows - The Media Encoder extra options.Multi-camera editing made simpleAdvanced Premiere Pro editing techniques for speed and editing eleganceThe Proxy editing workflowKeyboard shortcuts for speed editing	Uppsetning efnis (responsive) í Muse vefsíðu <ul style="list-style-type: none">Home page and sub-pagesImporting images from Photoshop / IllustratorBuilt-in widgets (menus, compositions, panels, etc)Adding Scroll EffectsWorking with CC Libraries, Typekit and StockAlternative layout option (Adaptive design)Creating and distributing reusable assets (time permitting)

Laugardaginn 17. september

09:00-12:00	Ertu viss um að þekkja Adobe CC? - fyrri hluti <ul style="list-style-type: none">Starting from Scratch - layouts, layouts and more layouts (made easy)Eleven Tricks That Will Help Your Workflow in InDesignSmart Objects just got smarter (Photoshop / Illustrator with InDesign)	„Í bíóinu“- Vídeó í stafrænni ljósmyndun - fyrri hluti <ul style="list-style-type: none">Creating a PanoramaCreating a cinematic look to your imagesUsing Text on your imageUsing Photoshop Shapes	Grunnatriði við klippingu á vídeó, á réttan máta <ul style="list-style-type: none">Creating Projects in Premiere Pro and After EffectsVideo Media Management essentials for VideoArchiving a “Ken Burns” effect in Premiere ProQuick audio fixes with Adobe AuditionEasy animated titles in After EffectsThe easy edit - how to edit video and clean up audio made easyUnderstanding the Track Matte KeyExporting video for the web	Adobe Muse - SEO og Publishing möguleikar <ul style="list-style-type: none">Search engine optimisationPublishing the websiteBusiness Catalyst3rd partyExport to HTMLIn-browser editingExtending Muse with 3rd Party widgetsMiscellaneous tips (time permitting)
13:30-16:30	Ertu viss um að þekkja Adobe CC? - seinni hluti <ul style="list-style-type: none">Design Once Publish to Many / Advanced Exporting features. Acrobat PDF Publishing with forms / Interactive PDF files.	„Í bíóinu“- Vídeó í stafrænni ljósmyndun - seinni hluti <ul style="list-style-type: none">Taking frames from a video.Adding Texture, smoke, fire and dust to add atmosphereUsing Colour Look Up TablesColour gradingCreating a Colour Look Up Table	Falleg útkoma í vídeóvinnslu á einfaldan máta <ul style="list-style-type: none">The fast colour fixes - improving visuals in Premiere ProUnderstanding Chromakey and LumakeyAdjustment layersAnimating motion graphics and video clipsNesting sequences for advanced project workflowsWhat is RGB and YUV and why are they importantPremiere Pro visual effects worth knowingThe Adobe clip to Premiere Pro workflow - start small and end proUploading videos to social media	Notkun annars Adobe hugbúnaðar með Muse <ul style="list-style-type: none">Using mobile apps (Capture and Comp)CC librariesAdobe Stock

Nánari upplýsingar um dagskrá og skráning er á heimasíðu okkar:

www.hugbunadarsetrid.is og á www.midi.is





Jason Statham er grjótharður í þessari mögnuðu spennumynd

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Frá Todd Phillips, leikstjóra Hangover myndanna



Mynd fyrir alla fjölskylduna



Mynd fyrir alla fjölskylduna



Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna

ALFABAKKA		EGILSHÖLL	
MECHANIC: RESURRECTION	kl. 8 - 10:10	MECHANIC: RESURRECTION	kl. 5:50 - 8 - 10:30
MECHANIC: RESURRECTION VIP	kl. 10:30	WAR DOGS	kl. 5:30 - 8 - 10:30
KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR	kl. 5:40	BEN-HUR	kl. 8
WAR DOGS	kl. 5:40 - 8 - 10 - 10:30	LIGHTS OUT	kl. 10:30
WAR DOGS VIP	kl. 5:30 - 8	PETE'S DRAGON	kl. 5:30
ROBINSON CRUSOE	kl. 6	SUICIDE SQUAD 2D	kl. 10:10
BEN-HUR	kl. 8 - 10:40	MECHANIC: RESURRECTION	kl. 5:50 - 8 - 10:10
LIGHTS OUT	kl. 10:40	WAR DOGS	kl. 8 - 10:30
PETE'S DRAGON	kl. 5:40	ROBINSON CRUSOE	kl. 6
SUICIDE SQUAD 2D	kl. 8	PELÉ: BIRTH OF A LEGEND	kl. 8
LEYNILÍF GÆLDÝRA	kl. 6	PETE'S DRAGON	kl. 5:40
MECHANIC: RESURRECTION	kl. 8 - 10:10	SUICIDE SQUAD 2D	kl. 10:20
WAR DOGS	kl. 8 - 10:30	MECHANIC: RESURRECTION	kl. 8 - 10:10
ROBINSON CRUSOE	kl. 6	WAR DOGS	kl. 8 - 10:30
PETE'S DRAGON	kl. 5:40		

AKUREYRI

MECHANIC: RESURRECTION kl. 8 - 10:10

WAR DOGS kl. 8 - 10:30

ROBINSON CRUSOE kl. 6

PETE'S DRAGON kl. 5:40

KEFLAVÍK

MECHANIC: RESURRECTION kl. 8 - 10:10

WAR DOGS kl. 8 - 10:30

CRUSOE

Sýnd með íslensku tali

SUICIDE SQUAD

Stærsta mynd ársins

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



12

5★ - HS, MORGUNLABÍÐ

5★ - KK, DV

tiff.

KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐUR-LANDARÁBS

14. - 18. SEPTEMBER 2016 Í HÁSKÓLABÍÓ

TURANDOT

15. september í Háskólabíói

KUBO

SHALLOWS

Þétt og örugg uppbygging, flottur hákatalatylur

SAUSAGE PARTY

T.V. - BÍÓVEFURINN

BADMOMS

KUBO

SHALLOWS


SAUSAGE PARTY

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is




LAUGARÁS BÍÓ

miði.is

Miðlaða og nánnari upplýsingar



12

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
EIÐURINN	5:40, 8, 10:20
KUBO 2D ISL.TAL	6
WAR DOGS	8, 10:25
HELL OR HIGH WATER	8
LEYNILÍF GÆLDÝRA 2D ISL.TAL	5:50
JASON BOURNE	10:10

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

12. SEPTEMBER

Samvera

Hvað? Haltu kjafti og skrifaðu leikrit
Hvenær? 20.00
Hvar? Tjarnarbíó
 Haltu kjafti og skrifaðu er hugmynd sem kemur frá San Francisco og er hugsuð til þess að hjálpa höfundum að koma sér af stað við

skrif. Það getur verið einmanlegt að skrifa og því gott að hitta aðra höfunda, skrifa með þeim og ræða verkin. Allir þeir sem hafa áhuga á að skrifa eru velkomnir á viðburðinn og skiptir engu hvort höfundar eru með verk í vinnslu eða á algjöru frumstigi, ekki heldur þó það sé ekki leikrit.

Líkamsrækt

Hvað? Kizomba Night
Hvenær? 20.30
Hvar? Kex hostel
 Kizomba er dansmenning frá Angóla og einn vinsælasti dansstíllinn í heiminum í dag – loksins verður hægt að dansa hann í Reykjavík. Dansað verður í Gym and Tonic salnum á Kexi hosteli. Hægt er að panta sér pláss á Kizombaiceland.com.

Hvað? Kjallarajóga
Hvenær? 09.30

Hvar? Stúdentakjallarinn, Háskóla Íslands
 Í Stúdentakjallaranum verður fimmtán mínútna jóga alla mánudaga og fimmtudaga. Það er gott að koma líkama og sál í gang á morgnana undir leiðsögn jógakennarans Gísla G. Bachmann. Líkaminn verður liðkaður og honum komið í ákjósanlegt ástand fyrir amstur dagsins. Gott fyrir huga og heila. Krefst hvorki sérstaks klæðnaðar né sturtu á eftir.

Fundur

Hvað? Félagsfundur VGR
Hvenær? 20.00
Hvar? Laugavegur 170
 Stjórn Vinstri grænna í Reykjavík boðar til félagsfundar í dag á kosningaskrifstofu VG. Það er margt á dagskrá fundarins en boðið verður upp á kaffi og söfnunarbaukur fyrir kosningasjóð verður á staðnum.

Hvort sem um ræðir byrjendur eða lengra komið myndlistarfólk þá eru allir velkomnir á mánaðarlegu skissuvöldin. Þar gefst fólk tækifæri til þess að þróa og finna teiknihæfina. Aðgangseyrir er 1.500 krónur. Það þarf að hafa með sér eigin skissubók og teiknitól.

JÓGA Á MORGNANA ER GÓÐ LEIÐ TIL ÞESS AÐ VEKJA LÍKAMANNA OG KOMA HAUSNUM Í GANG FYRIR SKÓLANN.

Gísli G. Bachmann jógakennari kennir kjallarajóga í Stúdentakjallaranum tvisvar í viku.

skemmtilegar leiðir til að vekja áhuga fólks á málefnum í deigluinni, bæði innan lands og utan, með nýjum tengdum viðburðum. Boðið verður upp á súpu frá veitingastaðnum Aalto Bistro á fundinum. Uppbókað er á fundinn í dag. Fundurinn fer fram á ensku.

Hvað? Fyrirlesarar frá Háskólanum í Kiel
Hvenær? 11.40
Hvar? Háskóli Íslands
 Gestafyrirlesarar frá Háskólanum í Kiel í Þýskalandi mæta í háskólann og halda fyrirlestra. Fyrirlestrarnir heita „The beginning of the Reformation“ og „Sola Gratia in time of God's remoteness“. Erasmus-samstarf háskólanna og guðfræðistofnunar gerir heimsókn þessara fræðimanna mögulega. Fyrirlestrarnir verða í stofu A229.




Fáðu þér appið!

www.fasteignir.is



Hvað? Súpufundur: Viðburður um málefni liðandi stundar
Hvenær? 12.00
Hvar? Norræna húsið Norðurlönd í fókus bjóða til súpufundar í hádeginu í dag. Rætt verður um ýmsar spennandi og


Kjallarajóga verður í Stúdentakjallaranum alla mánudags- og fimmtudagsmorgna í vetur klukkan 9.30.



BIO PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Neon Demon	17:30, 22:00
Me Before You	17:45
Sigur Rós: Heima	18:00
Svartur September: The Bride of Frankenstein	20:00
Yarn	20:00
Race	20:00
Viva	22:45
101 Reykjavík	22:00



Fegurðin grimma

Heimur fyrirsætanna getur verið grimmur og dregið það versta fram í fólki.

KVIKMYND

The Neon Demon

★★★★★

Leikstjóri og handritshöfundur:

Nicolas Winding Refn

Framleiðendur: Lene Børglum, Nicolas Winding Refn

Aðalhlutverk: Elle Fanning, Jena Malone, Bella Heathcote

Danski leikstjórinn Nicolas Winding Refn er ekki sérstaklega þekktur fyrir að fara fint í hlutina eða með hefðbundnum hætti. Hann hefur sýnt og staðfest með myndum eins og Valhalla Rising, Drive og Only God Forgives hvað hann fer faglega að því að móta draumkennt andrúmsloft, hneyksla með áköfu ofbeldi og ekki síður kljúfa áhorfendur í tvo hópa. Skiljanlega. Þessa síðastnefndu er varla hægt að kalla auðmelta kvikmynd og The Neon Demon enn þá síður.

Sagan í grófum dráttum segir frá hinni 16 ára Jesse sem flytur til Los Angeles og dreymir um að gerast fyrirsæta. Jesse býr yfir miklum sakleysislegum sjarma og heillar alla upp úr skónum. Það liður þó ekki á löngu áður en samkeppni og öfundusýki annarra lætur á sér kræla og bráðlega kynnist Jesse því að í þessum átakanlega fyrirsætubransa snýst lífið annaðhvort um það að éta eða vera étinn.

Myndinni er bæði stillt upp sem

eins konar grimmilegu ævintýri og óforskammaðri skilaboðasögu um útlitsdyrkun og spillingu sakleysisins. Refn notar tiskugeirann sem áhrifaríkan stökkpall til þess að stúdera girnd, hégóma, fegurð og hrylling, innri djöfla og ytri og margs konar táknmyndir. Þakkarinn í honum skín þó vel í gegn og nær að örva, ögra, stöku sinnum dáleiða og kitla hinar allra svörtustu hláturtaugar áhorfenda.

The Neon Demon er ekki beinlínis aðgengileg, en meiriháttar rugluð er hún, djörf og sérstök. Í augum margra jadrar úrvinnslan við hreina og beina tilgerð. En hvort sem manni líkar betur eða verr er ljóst að Refn hefur mikið að segja með þessu martraðarkennda innliti sínu í útlitsbransann. Framvinda myndarinnar er óútreiknanleg og sterk og innan hennar er að finna allnokkrar mätulega truflandi senur sem eru ekki líklegar til að yfirgefa heilabúið í bráð. Refn hefur einnig einstaklega næmt auga fyrir stökum römmum sem skera sig úr og gætu staðið sem sjálfstæð listaverk.

Refn nýtir sér ýkta og draumkennda stíliseringu og leikur sér með myndmál, andrúmsloft og hugmyndir frekar en að binda sig við ákveðnar handritsreglur. Kvikmyndataka, lýsing, litanotkun og almenn umgjörð er sérlega gripandi og innsigliar öflug tónlistin frá Cliff Martinez þessa stemningu leik-



Nýjasta kvikmynd Nicolas Winding Refn, Neon Demon, segir frá hinni 16 ára Jesse sem flytur til Los Angeles og dreymir um að gerast fyrirsæta.



Elle Fanning fer með aðalhlutverkið í The Neon Demon.

stjórans og gefur verkinu góðan púls. Leikkonurnar koma einnig glæsilega út í krefjandi hlutverkum og ekki skemmur fyrir að hafa einn reiðan Keanu Reeves á svæðinu.

The Neon Demon er mynd sem þarf fyrst og fremst að upplifa frekar en að botna samstundis í. Hún veitir engin einföld svör og bjóða rammarnir upp á ýmsar klikkaðar túlkningar og umræður. Hún er erfið, súr og vægðarlaus og á köflum næstum því yfirgengilega yfirdrifin, en á sama tíma vekur hún mann til umhugsunar og kemur sínum skilaboðum á framfæri á frumlegan og einkennandi hátt. Ég verð hissa ef myndin verður ekki talin költ-klassik eftir áratug eða svo.

Tómas Valgeirsson

REEBOK WORKOUT TR 2.0

MORE TRAIN. MORE GAIN.

GOTT VERU!

Reebok

14.990

REEBOK WORKOUT 2.0
Herrastærðir: 42-46.

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

DAGSKRÁ

Mánudagur

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Tommi og Jenni
07.45 The Middle (8:24)
08.10 The Restaurant Man
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Who Do You Think You Are
11.05 Sullivan & Son
11.25 Eldhúsið hans Eypórs
11.50 My Dream Home
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
14.10 Britain's Got Talent
14.30 Britain's Got Talent
15.40 Britain's Got Talent Skemmti-
 þáttur fyrir alla fjölskylduna. Dóm-
 arar í keppninni eru Simon Cowell,
 David Walliams (Little Britain),
 Amanda Holden og Alesha Dixon en
 kynnar eru skemmtikraftarnir Ant
 og Dec.
16.05 Falcon Crest
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen Skemmtilegur spjall-
 þáttur með hinni einu og sönnu
 Ellen DeGeneres sem fær til sín
 góða gesti og slær á léttu strengi.
 Þættirnir eru með þeim vinælustu í
 sinni röð um allan heim enda hefur
 Ellen einstakt lag á gestum sínum og
 nær að skapa einstakt andrúmsloft í
 salnum sem skilar sér beint til áhorf-
 enda sem sitja heima í stofu.

18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Grand Designs: Australia
 Frábærir þættir þar sem fylgst er
 með stórkostlegum endurbótum á
 heimilum þar sem oftast er ekki er
 horft til nútíma hönnunar, orku-
 nýtni, hvernig eigi að hámarka
 nýtingu á plássi og útsýni. Hér sjáum
 við fjölskyldur og einstaklinga
 leggja allt í sölnurnar til þess að eign-
 ast sitt fullkomna draumaheimili.

20.10 Gulli byggir
20.35 The Night Shift
21.20 Suits
22.05 Quarry
23.05 Major Crimes Fjórða syran
 af þessum hörkuspennandi þáttum
 sem fjalla um lögreglukonuna
 Sharon Raydor sem er ráðin til að
 leiða sérstaka morðrannsóknadeild
 innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í
 Los Angeles. Sharon tók við af hinni
 sérvitru Brendu Leigh Johnson en
 þættirnir eru sjálfstætt framhald af
 hinum vinsælu þáttum Closer.

23.50 Rush Hour
00.35 Murder In The First
01.20 Flesh and Bone
02.25 Flesh and Bone
03.25 Killing Season
04.55 The Art of More
05.40 The Art of More

SPORT

07.10 NFL 2016/2017
09.30 Premier League 2016/2017
11.10 Premier League 2016/2017
12.50 Enska 1. deildin 2016/2017
14.30 Pepsi deildin 2016
16.20 Pepsimörkin 2016
17.55 Meistaradeild Evrópu -
 fréttabáttur 2016/2017
18.20 Spænsku mörkin 2016/2017
18.50 Premier League 2016/2017
 (Sunderland - Everton)
 Bein útsending frá leik Sunderland
 og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Messan
22.15 Football League Show
 2016/17
22.45 Markapáttur Pepsí deildar
 kvenna
23.30 NFL Hard Knocks
00.25 Premier League 2016/2017

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



GULLI BYGGIR

Gulli Helga aðstoðar fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum þess og ekkert verkefni er of stórt þannig að það sé ekki leyst á frumlegan og skapandi hátt. Stórskemmtilegir þættir!

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



HBO

NÝTT FRÁ HBO



QUARRY

Max Collins á erfitt uppdráttar eftir erfiðan tíma í Víetnamstríðinu og upplifir sig utangátta í þjóðfélaginu. Hann lendir í slæmum félagsskap í undirheimunum þegar heim er komið og tilveran fer á hvolf. Dramatísk og stórgóð spennuþáttasería úr smiðju HBO.

GRAND DESIGNS:
ÁSTRALÍA

Frábærir og flottir hönnunar-
 þættir þar sem fylgst er með
 uppbyggingu og endurbótum á
 smekklefum heimilum fólks í
 Ástralíu. Hönnun og húsa-
 gerðarlist á heimsmeilkvörða.



THE NIGHT SHIFT

Það er nóg að gera hjá
 læknum á bráðamóttökunni
 í San Antonio að vanda.
 Spennandi læknabættir um
 ástir og órlög.



LOKAPÁTTUR



SUITS

Skemmtileg sería um Mike Ross
 sem á ekki sjö dagana sæla í
 fangelsinu, fyrirtækið stendur á
 brauðfótum og ekkert virðist
 ganga upp í lífi hans.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

BÍÓSTÖÐIN

11.45 Cheaper by the Dozen
13.25 Trust Me
14.55 Blended
16.50 Cheaper by the Dozen
18.30 Trust Me
20.00 Blended
22.00 Interstellar
00.45 Not Safe for Work
02.00 Ricki and the Flash
03.40 Interstellar Frábær mynd
 frá árinu 2014 með stórleikur-
 unum Matthew McConaughey og
 Anne Hathaway í aðalhlutverkum.
 Myndin gerist í framtíðinni þegar
 við blasir skortur, hungursneyð og
 brátt útrýming mannkyns á jörðinni.
 Hópur manna er sendur út í geim
 til þess að kanna dularfullt svart-
 hol sem vísindamenn hafa nýlega
 uppgötvað, en tilvera þess gæti
 mögulega bjargað mannkyninu.
 Hópurinn neyðist til að taka afdrifa-
 ríkar ákvarðanir og ferðast lengra en
 nokkru sinni hefur áður verið gert,
 í von um að bjarga framtíð jarðar-
 innar.

RÚV

14.00 ÓL fatlaðra 2016: Sund
14.45 ÓL fatlaðra 2016: Borðtennis
17.00 Óskalög þjóðarinnar
17.50 Táknmalfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hvolpasveitin
18.24 Unnar og vinur
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Heimur mannkynsins
21.10 Næturvörðurinn
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 ÓL fatlaðra 2016: Samantekt
22.35 Frumherjar sjónvarpsins:
 Vísindaskáldskapur
23.30 Hamingjudalur
00.25 Kastljós
00.50 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Black-ish
08.20 Dr. Phil
09.00 My Kitchen Rules
09.45 Secret Street Crew
10.30 Pepsi MAX tónlist
12.50 Dr. Phil
13.30 Rachel Allen's Everyday
 Kitchen
13.55 Chasing Life
14.40 Life Unexpected
15.25 The Odd Couple
15.50 Crazy Ex-Girlfriend
16.35 The Tonight Show with
 Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with
 James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Angel From Hell
20.15 Hotel Hell
21.00 Limitless
21.45 Shades of Blue
22.30 The Tonight Show with
 Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with
 James Corden
23.50 Scandal
00.35 Sex & the City
01.00 Rosewood
01.45 Mr. Robot
02.30 Limitless
03.15 Shades of Blue
04.00 The Tonight Show with
 Jimmy Fallon
04.40 The Late Late Show with
 James Corden

STEFÁN HILMARS

HARPA 16.09.16

UPPSELT KL. 19.30
ATH. BREYTTUR TÍMI

AFMÆLISTÓNLEIKAR

STEFÁN FAGNAR 50 ÁRUM
ÁSAMT ÚRVALSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA
FLUTT VERÐA LÖG FRÁ 30 ÁRA FERLI

AUKATÓNLEIKAR KL. 22:30

SÉRSTAKIR GESTIR

BJÖRGVIN HALDÓRSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
JÓHANNA GUÐRÚN
PÁLL RÓSINKRANZ
GOSPELKÓRINN GISP!
HORNAFLOKKURINN HONK
& LEYNIGESTIR



Miðasala á harpa.is & tix.is

EIMSKIP
styður við íslenska tónlist

BÍLALEIGA
AKUREYRAR
— Málur — **Europcar**

Tískumánuðurinn byrjar af fullum krafti í

New York

Tískuvikan í New York fór af stað í síðustu viku með pompi og prakt. Margir af flottustu hönnuðum heims sýna þar línur sínar fyrir sumarið 2017. Eftir tískuvikuna í Stóra eplinu tekur London við og svo Mílanó og París þar á eftir. Það sem einkennir trendin frá New York að þessu sinni er afslappaður stíll og hvað lítið er um sumarlega liti. Hvítur er mest áberandi og útvíð snið.



VFILES

Creatures of the Wind

Adam Selman




Alexander Wang



Creatures of Comfort



Creatures of Comfort



Yeezy Season 4



Alexander Wang



Angelina Jolie vill fjölga konum í friðargæslustörfum. NORDIC PHOTOS/GHETTY

Angelina ávarpar SP

Angelina Jolie var ein af þeim sem héldu erindi á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í London í vikunni. Í ræðu sinni benti Jolie á mikilvægi þess að fleiri konur tækju þátt í friðargæsluverkefnum SP. Hún taldi að það myndi hafa jákvæð áhrif á hegðun friðargæsluliða á átakasvæðum, en skýrslur sýna að börn og konur hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi þeirra er sinna friðargæslustörfum.


„Friðargæsluliðar munu ekki ávinna sér traust heimamanna ef þeim tekst aðeins að eiga í samskiptum við annað kynið, þeir þurfa einnig að ná til kvennanna,“ sagði Jolie í ræðu sinni.

Kanye fúll út í tengdó

Tónlistarmaðurinn Kanye West frumsýndi nýverið sína fjórðu fatalínu, Yeezy Season 4, í New York. Samkvæmt tímaritinu People varð West ansi fúll yfir því að tengdamóðir hans, Kris Jenner, og Kardashian-systurnar tvær Khloe og Kourtney hefðu ekki séð sér fært að mæta á sýninguna. Jenner-systurnar Kendall og Kylie voru aftur á móti á meðal áhorfenda ásamt Kim, eigin konu Wests. „Kim og Kanye hefðu

helst viljað fá alla fjölskylduna til New York,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni.

T í s k u - sýningin sjálf gekk svo öll á afturfótunum; m i k l a r tafir urðu á sýningunni og biðu fyrirsætturnar úti í hitanum á meðan. Þegar sýningin hófst loksins voru nokkrar fyrirsætur orðnar svo máttvana að það leið yfir þær af hita og vökvaskorti.



Siggi Sigurjóns sagður einn af bestu leikurum heims yfir 60 ára

Kvikmyndavefsíðan Taste of Cinema nefnir leikarann Sigurð Sigurjónsson sem einn af 15 bestu leikurum yfir sextugu í heiminum í dag. Tilnefninguna hlaut Sigurður fyrir hlutverk sitt í verðlaunamyndinni Hrútum.

Sigurður hreppir tólfta sætið á listanum, en á honum eru einnig nöfn á borð við Jack Nicholson,

Michael Caine og Ellen Burstyn. Blaðamaður skrifar að Sigurði tækist á einstakan hátt að tjá tilfinningar og sannfæringu persónu sinnar í gegnum hreyfingarnar einar saman.

Reyndar tekur blaðamaðurinn þann feil að segja Hrúta gerast í fámennu sveitarfélagi í Svíþjóð, en hvað leiksigur Sigurðar varðar hefur hann rétt fyrir sér. – sm



Siggi Sigurjóns þykir sýna stórleik í kvikmyndinni Hrúta.



**BRJÓTTU UPP DAGINN
MEÐ KITKAT**



**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Við höfum endurskapað heilsudýnuna. Aftur.
Rennilásinn er líklega það eina sem við endurhönnuðum ekki.


TEMPUR-DAGAR
25% AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

Háþróað TEMPUR® efni
Precision™ Micro gormar

NÝJA TEMPUR® Hybrid heilsudýnan
Með því að sameina háþróaða TEMPUR® efnið og hina vönduðu Precision™ micro gorma aðlagar nýja TEMPUR® Hybrid heilsudýnan sig fullkomlega að líkama þínum og bregst við hreyfingum þínum þannig að þú upplifir réttan stuðning og hámarksþægindi.

Til enn frekari þægindaauka er dýnan klædd QuickRefresh™ áklæði sem taka má af með rennilás og þvo.

TEMPUR® HYBRID HEILSUDÝNAN
Frumlegasta hönnun TEMPUR til þessa!



QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt er að taka QuickRefresh áklæðið af dýnunni og þvo.



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK



Þær Kristín Guðmundsdóttir, Kristín Björk Smáradóttir, Kristín Dóra Ólafsdóttir, Kristín Ólafsdóttir og Kristín Edda Frimannsdóttir bera nafn sitt með sóma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mikið til af skemmtilegum Kristínum á Íslandi

Sjö ungar stúlkur sem allar heita Kristín hafa stofnað hóp til þess að halda utan um konur sem bera það eiginnafn. Þær ætla hægt og rólega að bæta í hópinn og halda reglulega viðburði. Næsta sumar stefna þær á að ganga saman á Kristínartinda í Skaftafelli.

Gunnhildur Jónsdóttir
gunnhildur@frettabladid.is



Eiginnafnið Kristín er það þriðja algengasta á landinu, á eftir Guðrúnu og Önnu. Alls heitir 3.571 kona Kristín og nú loksins hefur verið stofnaður hópur sem er ætlaður til þess að halda utan um þær. Það var hún Kristín Guðmundsdóttir sem hóf þetta allt saman en í dag eru í stofnhópnum þær Kristín Edda Frimannsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Kristín Dóra Ólafsdóttir, Kristín Björk Smáradóttir, Kristín Hildur Ragnarsdóttir og Kristín Sverrisdóttir. Þær ætla sér að bæta við hópinn hægt og rólega á næstu mánuðum.

„Þetta kom þannig til að ég var að vinna með Kristínu Dóru og Kristínu Björk í allt sumar. Einn daginn var ég að tala um hvað ég þekkti margar skemmtilegar Kristínar. Þá hafði ég heyrt af hópi sem hélt utan um konur sem heita Ragnheiður og ég sagði þeim frá því. Þá var það bara slegið og hópurinn var stofnaður sama dag. Við erum sjö núna til að byrja með en ætlum að bæta við þegar á liður,“ segir Kristín Guðmundsdóttir.

Það verður nóg um að vera hjá Kristínunum en stofnhópurinn vinnur að skipulagningu nokkurra viðburða á næstu mánuðum. „Við ætlum að hittast á hverjum ársfjórðungi og þá bjóða alltaf með okkur Kristínunum. Svo höfum við hugsað okkur að bjóða strákum sem

VIÐ VORUM TIL DÆMIS Á KAFFITÁRI Á DÖGUNUM OG ÞÁ VAR KRISTÍN KÖLLUÐ UPP ÞVÍ KAFFIÐ HENNAR VAR TILBÚIÐ. VIÐ LITUM AUÐVITAÐ ALLAR VIÐ ENDA GETUR ÞETTA VERIÐ RUGLANDI.

3.571

KONA BER EIGINNAFNID KRISTÍN Á ÍSLANDI.

heita Kristinn á einn viðburðinn. Svo erum við að reyna að koma á fót þeirri reglu að hittast alltaf á kaffihúsi fyrsta föstudaginn í mánuðinum. Næsta sumar ætlum við að fara í helgarferð saman og ganga á Kristínartinda í Skaftafelli.“

Kristín segir að það geti komið upp myndarlegar þegar svo margar Kristínar eru samankomnar á einum stað en það sé alltaf auðvelt að skynja um hvaða Kristínu sé verið að tala. „Við vorum til dæmis á Kaffitári á dögunum og þá var Kristín kölluð upp því kaffið hennar var tilbúið. Við litum auðvitað allar við enda getur þetta verið ruglandi.“

Fram undan hjá Kristínunum er að halda lokaviðburð fyrir stofnhópinn í október áður en þær stækka við sig. Um jólin á svo að halda alvöru veislu þar sem allir mega bjóða einni Kristínu með sér. „Þú þarft ekki endilega að þekkja Kristínuna sem þú býður

AÐRIR NAFNAHÓPAR

Nafnahópar sem þessi eru ekki nýir af nálinni hér á landi. Til eru Facebook-hópar fyrir fólk sem heitir Ragnheiður og Stefán.

Stefán

Í Facebook-hópnum sem heldur utan um menn sem heita Stefán eru 258 meðlimir. Þeir sem bera eiginnafnið Stefán hér á landi eru þó 2.205 talsins.

Ragnheiður

Til er Facebook-hópur fyrir konur sem heita Ragnheiður á Íslandi. Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, er ein af stjórnendum þessa hóps.

41 Ragnheiður er í hópnum en alls eru 1.302 sem bera eiginnafnið á landinu.



með þér og þær sem mæta þurfa ekki endilega að verða partur af hópnum, þetta verður allt mjög frjálstlegt.“

Úr nægu er að velja af flottum og frambærilegum Kristínunum hér á landi og er vonin sú að einhverjar af þekktari Kristínunum sláist í hópinn á einhverjum tímapið. „Það væri draumur að fá Kristínu Ólafsdóttur kvikmyndaframleiðanda sem og Kristínu Ingólfsdóttur fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Það er allavega nóg um að velja.“

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hafsteinn Hafsteinnsson hafsteinn@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Chris Worrum


upprunalegi söngvari
Smokie

Stórtónleikar
í Eldborg
17. sept.

Miðasala
er hafin



DÆGURFLUGAN



HARPA

Bakpankar

Berglindar
Pétursdóttur



Hin hinsta spurning

É g las nýlega grein sem fjallaði um mikilvægi þess að verða ekki of upptekinn af frama og dugnaði í lífinu. Að vinna fram eftir jafnaðist sannarlega ekkert á við samverustundir með börnunum og fjölskyldustundir væru mikilvægari en stöðuhækkunarir.

Ég var sammála öllu í þessari grein, lagði frá mér öll verkefni dagsins og fór rakleiðis snemma heim úr vinnunni til þess að fara með barnið mitt í sund. Það sem truflaði mig samt við greinina var að þar var vitnað í rannsóknir þar sem fólk á dánarbeiðinum var spurt hverju það sæi helst eftir í lífinu. Flestir þessara deyjandi viðmælenda svöruðu því að þeir hefðu átt að eyða minni tíma í vinnu og meiri tíma heimavið.

Gott og vel. En hvers konar manneskja tyllir sér við rúmstökk dauðvona manneskju og þárar niður svörin við spurningum um það sem hefði mátt fara betur? Ég man eftir að hafa setið við sjúkrarúm ömmu á sínum tíma, rétt áður en hún kvaddi þennan heim. Ég þakkaði henni fyrir góðu stundirnar, ristuðu brauðsneiðarnar og alla klukkutímuna sem hún nennti að horfa á Tomma og Jenna með mér. Ég hefði kannski frekar átt að spyrja hvað hún hefði gert öðruvísi, hefði getað dregið lærdóm og skrifað um það lærða grein.

Ég vona að þeir sem framkvæmdu þessar kannanir fái svipaða meðferð og geti þá svarað: ég hefði ekki átt að eyða svona miklum tíma í vinnunni við að eyðileggja síðustu andartök varnarlausra deyjandi einstaklinga sem hefðu frekar viljað heyra peppandi hinstu kveðju. En vonandi eru þessar rannsóknir kjaftæði, eins og svo margt sem ég les.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Iceland



RISA ÚTSALAN

LÝKUR NÆSTA LAUGARDAG!

LAGERHREINSUN!

Stakar dýnur í Queen og King stærðum!

VERDDÆMI!
Queen Size (153x203 cm)

AÐEINS 62.000 kr.

VERDDÆMI!
King Size (193x203 cm)

AÐEINS 84.200 kr.

Útlitsgallaðar, skila- og skiptidýnur á 50 til 60% afslætti!

÷50%

SUMMER GLOW
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 278.711 kr.
NÚ 139.356 kr.

÷20%

HÆGINDASTÓLL
með fótaskemil og hallandi baki
Fullt verð 43.500 kr.
NÚ 34.800 kr.

rekkjan

H E I L S U R Ú M